# FRÉTTABLAÐIÐ

144. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 20. JÚNÍ 2018


# Funda vegna stefnu Trumps

**Óhuggulegt er að börn séu notuð sem skiptimynt í deilum um landamæravegg forsetans segja nefndarmenn í utanríkismálanefnd. Ráðherra segir afstöðu Íslands vera skýra og henni verði komið á framfæri.**

**UTANRÍKISMÁL** Afstaða íslenskra stjórnvalda er skýr í garð þeirrar framkvæmdar bandarískra stjórnvalda að aðskilja börn ólöglegra innflytjenda frá fjölskyldum sínum. Þetta segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra. Óskað hefur verið eftir fundi í utanríkismálanefnd þingsins vegna málsins.

Undanfarnar vikur hafa ríflega tvö þúsund börn verið fjarlægð úr fangi foreldra sinna við komuna til Bandaríkjanna. Um börn ólöglegra innflytjenda er að ræða. Er þetta gert á meðan foreldrar þeirra eru saksóttir fyrir brot sitt.

„Miðað við þær fréttir sem ég hef séð þá samræmist þetta ekki þeim gildum sem við aðhyllumst um að réttindi barna séu ávallt í fyrirrúmi,“ segir Guðlaugur. „Við erum ekki ein um þá skoðun. Til að mynda hafa allar núlifandi forsetafrúr Bandaríkjanna gagnrýnt þetta.“

Ráðherrann bendir á að innflytjendamál hafi lengi verið þrætuepli í Bandaríkjunum og að í forsetatíð Obama hafi fólki verið haldið nauðugu við landamærin. Þá hafi fjölskyldur þó verið saman.

„Það liggur alveg skýrt fyrir hver afstaða íslenskra stjórnvalda er og við munum koma þeim sjónarmiðum á framfæri. Ég vil trúa því að úr þessu leysist,“ segir Guðlaugur.

Logi Már Einarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, óskaði í fyrrakvöld eftir fundi utanríkismálanefndar vegna málsins. Stefnt er að því að fundurinn fari fram í upphafi næstu viku en nefndarmenn eru margir hverjir á erlendri grund sem stendur á vegum þingsins.

„Ég tel röksemdir og skýringar yfirvalda og forsetans vestanhafs fyrir þessum ömurlegu aðgerðum vera mjög ótrúverðugar. Þær eru harkalegar og bitna á þeim sem síst skyldi,“ segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir formaður utanríkismálanefndar.

Áslaug segir að íslensk stjórnvöld geti ekki haft bein áhrif á það sem gerist innan landamæra Bandaríkjanna en segir að Ísland eigi að gera þá kröfu til stjórnvalda ytra að þau sýni mannúð og virðingu.

> **Ég tel röksemdir og skýringar yfirvalda og forsetans vestanhafs fyrir þessum ömurlegu aðgerðum mjög ótrúverðugar.**
>
> Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður utanríkismálanefndar

„Ég reikna með að leggja til á fundinum, ef ríkisstjórnin ætlar ekki að álykta og fordæma þessa framkvæmd, að þá geri nefndin það. Þetta er fráleitt sem er að gerast vestra,“ segir Logi.

Logi segir óhuggulegt að fylgjast með því að lítil börn séu notuð sem skiptimynt í deilum milli Repúblikana og Demókrata um fjármagn til mannvirkis sem sé „líka ljótt“. „Þetta er fordæmalaust og skelfir mann. Það er margt sem íslensk þjóð getur gert til að láta gott af sér leiða,“ segir Logi.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingmaður Vinstri grænna og varaformaður utanríkismálanefndar, tekur í sama streng og Logi.

„Þetta er ómannúðleg framkoma og vanvirðing við börn, mannréttindi þeirra og fjölskyldur í afar viðkvæmri stöðu. Að mínu mati verða bandarísk stjórnvöld að snúa strax af þessari leið að nota saklaus börn sem skiptimynt í umræðum um byggingu landamæraveggs,“ segir Rósa.

Rósa bendir á að sem stendur sé Ísland að sækja um stöðu í barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna. Sem slíku beri Íslandi að koma á framfæri sinni skoðun þegar í ljós kemur slíkt framferði gegn börnum í þessari stöðu.

„Ef málefnin eiga að ráða för í slíku framboði þá eigum við að kveða svolítið hart að orði,“ segir Rósa. **– jóe**




**Ljósmæður standa í harðri kjarabaráttu þessa dagana og um fimmtíu manns mættu á samstöðufund í Mæðragarðinum í gær til þess að sýna stuðning í verki. Ljósmæður felldu kjarasamning í byrjun mánaðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Gera mynd um HM ævintýrið

**HM 2018** Knattspyrnusamband Íslands fékk fjölda tilboða frá kvikmyndagerðarfólki sem vildi gera heimildarmynd um Rússlandsför íslenska landsliðsins. Tilboði frá breska kvikmyndafyrirtækinu Octoberfilms var tekið og eru sex til átta manns frá sjónvarpsveitunni á öllum æfingum liðsins ytra. Tekur hópurinn upp hvert fótspor íslenska landsliðsins og fær mjög góðan aðgang að liðinu á eftir. Octoberfilms hefur unnið til fjölmargra verðlauna fyrir myndir sínar. **– bb /** **sjá síðu 22**



## Fréttablaðið í dag


**MARKAÐURINN** Sveinn Andri Sveinsson þáði 66,5 milljónir á árunum 2016 og 2017 fyrir störf sín sem skiptastjóri.



**SKOÐUN** Við viljum banna minna og leyfa meira, skrifar Hildur Björnsdóttir. **8**

**TÍMAMÓT** Alþjóðadagur flóttafólks er í dag og Rauði krossinn býður í bíó. **14**

**LÍFIÐ** Will Ferrell vinnur að gerð grínmyndar um Eurovision. **20**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Norðvestan gola eða kaldi í dag, miðvikudag. Þurrt veður og sólríkt, en skýjað austast fram eftir degi. Hiti 9 til 16 stig, hlýjast á Suðurlandi.

SJÁ SÍÐU 16



**Ýmsir tölvuleikir geta verið mjög ávanabindandi.**

# Viðurkenna tölvuleikjafíkn sem geðsjúkdóm

**HEILBRIGÐISMÁL** Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur viðurkennt tölvuleikjafíkn sem geðsjúkdóm. Tölvuleikjafíkn eða svokölluð tölvuleikjaröskun þykir að mati stofnunarinnar þó enn sjaldgæft fyrirbæri. „Við finnum fyrir því að foreldrar hafa áhyggjur af tölvuleikjanotkun barna sinna. Við sjáum líka að fólk er að átta sig á vandamálinu. Það er gott að grípa inn í áður en krakkarnir byrja að nota tölvuna,“ segir Guðrún Katrín Jóhannesdóttir, félagsfræðingur og ráðgjafi hjá Mikils virði, áfalla- og fjölskyldumiðstöð. „Við fögnum niðurstöðunum því nú er komin skýr skilgreining á tölvuleikjafíkn. Það hefur sýnt sig að þetta er fíkn rétt eins og vímuefnafíkn,“ segir Guðrún Katrín.

Leikir eru misávanabindandi og ekki eru allir sem lenda í því að þróa með sér tölvuleikjafíkn. Að mati margra eru ákveðnir leikir hins vegar sniðnir til að vera ávanabindandi. Slíkir leikir eru að mestu fjölþátttökuleikir, leikir eins og Fortnite, þar sem leikendur spila hver við annan víðsvegar um heiminn í gegnum tölvuna.

Afleiðingar af ávanabindandi tölvuleikjanotkun eru víðtækar; sálrænar, félagslegar, líkamlegar og annað. Þunglyndi og kvíði eru algengir kvillar. „Það er ekkert grín að börnin okkar séu að leika sér í þessu. Þetta byrjar oft svo sakleysislega en svo hægt og bítandi fara þau að hafa minni áhuga á öllu í kringum sig og veita því enga athygli.“ – gj

## Bríetar minnst



Minningarathöfn um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur var haldin á kvenréttindadaginn, venju samkvæmt, í Hólavallagarði í gær. Þar hélt forseti borgarstjórnar stutt ávarp, líkt og tíðkast hefur undanfarin ár. Í þetta sinn var það nýr forseti borgarstjórnar sem flutti ávarpið, sá yngsti hingað til, Píratinn Dóra Björt Magnúsdóttir. Það voru þó þessar tvær ungu stúlkur sem stálu senunni þegar þær lögðu krans á leiði Bríetar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bankar loka fyrr vegna leiksins

**SAMFÉLAG** Íslandsbanki og Landsbankinn hyggjast loka útibúum sínum fyrr föstudaginn 22. júní, vegna landsleiks Íslands og Nígeríu á HM í Rússlandi.

Leikurinn hefst klukkan 15 að íslenskum tíma en Landsbankinn hefur gefið það út að lokað verði klukkan 14. Útibúum Íslandsbanka verður hins vegar lokað klukkan 15 en verða þess í stað opnuð klukkutíma fyrr um morguninn en vanalega, eða klukkan 8.

Ekki er ólíklegt að fleiri fyrirtæki muni hleypa starfsfólki sínu fyrr heim á föstudaginn enda um gífurlega mikilvægan leik að ræða fyrir strákana okkar sem þjóðin fylgist spennt með leika hvern stjórnuleikinn á fætur öðrum. Leikið verður í borginni Volgograd, en með sigri er liðið komið í góða stöðu til að tryggja sig áfram í sextán liða úrslit. – ósk


# Vélorf atvinnumannsins




Japönsku MITOX-Kawasaki vélorfin hafa um árabil verið val atvinnumannsins þegar kemur að því að velja öflugt og endingargott vélorf í krefjandi slátt.

MITOX Powered by Kawasaki

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500

Akureyri: Baldursnes 8, 603 Akureyri, Sími 568-1555

Opnunartími: Opið alla virka daga. Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun: www.thor.is


# Stefnt að því að afnema stöðvaskyldu og kvóta

**Stefnt að því að breyta rekstrarumhverfi leigubifreiða fyrir 2020. Hanna Katrín Friðriksson saknar þess að minnst sé á tækninýjungar við gjaldtöku. Slíkt gæti gert fyrirtækjum á borð við Uber hægara um vik að hefja starfsemi hér á landi.**

**SAMGÖNGUR** Fyrirhugaðar eru umtalsverðar breytingar á rekstrarumhverfi leigubifreiða hér á landi. Meðal annars stendur til að afnema fjöldatakmarkanir akstursleyfa í stéttinni og stöðvaskyldu leigubifreiðastjóra. Undirbúningur við gerð slíks frumvarps er hafinn en stefnt er að því að leggja það fram á haustþingi 2019.

„Fyrst og fremst er stefnt að því að afnema kvóta á fjölda akstursleyfa,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra. Vinnsla við lagabreytinguna sé á algjöru frumstigi.

„Kynningin í samráðsgáttinni á þessu stigi er til að kynna helstu niðurstöður og fyrstu skref vinnunnar. Einnig til að fá viðbrögð og sjónarhorn frá sem flestum áður en vinna við smíði frumvarps fer í gang næsta haust,“ segir Sigurður.

„Ég get ekki sagt til um hvort þetta sé skref í rétta átt fyrr en endanlegt plagg liggur fyrir,“ segir Hanna Katrín Friðriksson, þingmaður Viðreisnar, en hún var fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu um aukið frelsi á leigubílamarkaði.

„Það sem ég sé ekki í þessum frumdrögum, og þykir verra, er að hvergi er minnst á tækninýjungar í sambandi við gjaldtöku. Ef stjórnvöld ætla að halda sínu striki og gera það að skilyrði að leigubílar hafi löggilta gjaldmæla þá verður það aðgangshindrun fyrir aðila sem vilja nota snjalltæki í rekstri sínum,“ segir Hanna.

Tilefni endurskoðunarinnar á lögunum er tvíþætt. Annars vegar er það frumkvæðisathugun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og hins vegar rökstutt álit sömu stofnunar gagnvart Noregi. Löggjöf þar í landi var um margt svipuð því sem þekkist hér en í áliti ESA voru alvarlegar athugasemdir gerðar við aðgangshindranir að norskum leigubílamarkaði.

Á haustmánuðum 2017 skipaði þáverandi samgönguráðherra, Jón Gunnarsson, starfshóp sem var falið að gera tillögur að endurskoðun á rekstrarumhverfinu hér á landi. Í niðurstöðum hópsins var lagt til að fjöldatakmarkanir í formi atvinnuleyfa til leigubifreiðaaksturs yrðu afnumdar. Þá var einnig lagt til að starfsemi leigubifreiða verði háð starfsleyfi og rekstrarleyfi. Rekstrarleyfishafi muni taka á sig þær skyldur sem nú hvíla á leigubifreiðastöðvum en þær fela meðal annars í sér að bifreiðin sé með gilda skoðun, hafi fullnægjandi tryggingar og uppfylli aðrar kröfur sem gerðar séu til hennar.

Fyrirhugaðar breytingar voru kynntar í samráðsgátt ríkisstjórnarinnar í gær. Fyrirhugað er að til að hljóta starfsleyfi verði ökumaður að hafa viðeigandi ökuréttindi, gott orðspor, vera minnst 21 árs gamall, vera við góða heilsu og hafa haft ökuréttindi B í minnst þrjú ár. Stefnt er að því að falla frá efri aldursmörkum leigubifreiðastjóra. Skilyrðin fyrir rekstrarleyfi yrðu þau sömu og fyrir starfsleyfi.

Aðspurður um það hvort fyrirhugað sé að gjaldmælar verði skilyrði segir Sigurður að það liggi ekki fyrir á þessu stigi málsins. Evróputilskipunin sem um ræðir snúist fyrst og fremst um réttindi og öryggi neytenda og notenda. Ráðuneytið muni bíða eftir viðbrögðum við kynningunni og muni útfæra reglurnar nánar þegar þær liggja fyrir.

Hægt er að senda inn athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar í samráðsgáttinni til 19. júlí.

joli@frettabladid.is



**Hanna Katrín Friðriksson.**

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**




TILBOÐIÐ RENNUR ÚT 30. JÚNÍ!

Grand Vitara er frábær fjölskyldubíll og fullbúinn jeppi með háu og lágu drifi þannig að þér eru allir vegir færir.

TRAUST UMBOÐ Í 29 ÁR

SUZUKI

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Suzuki | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Íslenska landsliðið til Volgograd í dag með nóg af skordýrafælu í för

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið er á faraldsfæti í dag en það flýgur til hinnar sögufrægu borgar Volgograd í dag þar sem það mætir Nígeríu í öðrum leik liðsins í D-riðli heimsmeistaramótsins á föstudaginn. Líkt og fyrir leikinn gegn Argentínu í Moskvu á dögunum mun landsliðið taka æfingu á æfingasvæði liðsins í Kabardinka fyrr um daginn og síðan munu Hannes Halldórsson og Alfreð Finnbogason sitja fyrir svörum á blaðamannafundi. Áætlað er að landsliðið fari í loftið klukkan 17.00 að staðartíma, um 14.00 að íslenskum tíma, en flugið er ekki langt og á vélin að lenda um klukkustund síðar í Volgograd.

Það er von á miklum hita í borginni, við lendingu er spáð 32 gráðu hita en á meðan strákarnir okkar dvelja í borginni er spáð um þrjátíu stiga hita. Aðeins á næturnar mun hitinn fara nær tuttugu gráðunum.

Munu þeir taka æfingu á keppnisvellinum, Volgograd Arena, sem rúmar 45.000 manns, í hádeginu á morgun, áður en Heimir Hallgrímsson og Aron Einar Gunnarsson mæta á blaðamannafund.

Fyrsti leikur mótsins á Volgograd-vellinum fór fram í fyrrakvöld þegar England vann 2-1 sigur á Túnis en það var annað en úrslit leiksins sem vakti mikla athygli. Þar sem Volgograd-völlurinn stendur á bakka Volgu voru skordýr að trufla liðin við undirbúning og á meðan á leik stóð.



Sást til leikmanna, stuðningsmanna og starfsmanna slá frá sér moskítóflugur á meðan leikurinn stóð yfir þrátt fyrir að þeir hefðu borið á sig skordýrafælu. Harry Kane, fyrirliði Englands, sagði að það hefði litlu skilað er hann ræddi við blaðamenn eftir leik. „Þetta var mun verra en við bjuggumst við, við settum á okkur fælu fyrir leik og í hálfleik en samt fékk ég flugur í augun, nefið og upp í mig á meðan leikurinn stóð yfir.“ Starfsteymi KSÍ var búið að huga að þessu og tók nóg af fælu með sér til Rússlands en það er spurning hvort það bjargi íslenska landsliðinu þegar á hólminn er komið. **– kpt**

## Sögðu sig úr ráði Sameinuðu þjóðanna í gær

**BANDARÍKIN** Bandaríkin sögðu sig úr Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í gær. Úrsögnin er til komin vegna ítrekaðra aðfinnsla ráðsins í garð Ísrael. Utanríkisráðherrann Mike Pompeo og Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjanna hjá SÞ, tilkynntu þetta í utanríkisráðuneyti landsins í gær. Í máli Haley af þessu tilefni kom fram að ráðið væri „hræsnisfullt“ og „hefði mannréttindi að háði og spotti“.



**Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjanna hjá SÞ**

Sendiherrann hafði áður sagt að ráðið væri uppfullt af krónískri andúð á Ísrael og að Bandaríkin væru að íhuga úrsögn sína úr því.

Mannréttindaráði SÞ var komið á fót 2006 og kom í stað mannréttindanefndarinnar. **– jóe**

## Einu ráðuneyti skipt í tvennt

**STJÓRNSÝSLA** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ætlar að skipta velferðarráðuneytinu í tvö ráðuneyti. Það verður gert í samráði við Ásmund Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, og Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra sem í dag starfa bæði í því ráðuneyti.

Í tilkynningu kemur fram að forsætisráðuneytið muni því í samráði við velferðarráðuneytið undirbúa þingsályktunartillögu sem lögð verður fyrir Alþingi sem fyrst á haustþingi 2019. „Leitast verður við að halda kostnaði við breytinguna í lágmarki,“ segir í tilkynningunni. **– jhh**

# Gætu sett fjármuni í leigufélög

**Framkvæmdastjóri LSR útilokar ekki að sjóðurinn komi að fjármögnun íbúðafélaga, en segir bréfin í Heimavöllum hafi verið of dýr. 1.400 íbúðir byggðar í fyrsta áfanga Bjargs, leiguíbúðafélags án hagnaðarmarkmiða.**

**VIÐSKIPTI** Áætlað er að fyrsti áfangi Bjargs íbúðafélags, sjálfseignarstofnunar án hagnaðarmarkmiða, sem er bygging 1.400 íbúða, kosti um 42 milljarða króna. Þrjátíu prósent af þeirri upphæð verða fjármögnuð með stofnframlögum frá ríki og sveitarfélögum. Eftir standa 70 prósent, eða um 30 milljarðar. Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs, segir að þeir verði fjármagnaðir með lánsfé á almennum markaði. Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), Haukur Hafsteinsson, segir vel koma til greina að lífeyrissjóðir skoði aðkomu að fjármögnun á leiguhúsnæði. „Það er frekar spurning um í hvaða formi það eigi að vera. Ég sé helst fyrir mér að lífeyrissjóðir komi sem lánveitendur eða hluthafar í slíkum félögum,“ segir Haukur og bendir þá til dæmis á Bjarg, sem stofnað var af BSRB og ASÍ.

Að sögn Björns stendur þó ekki til að lífeyrissjóðirnir komi með hlutafé inn í fyrsta verkefni Bjargs sem er fjármagnað með stofnframlögum. „En þetta verkefni er með tekjumörkum og er því ekki fyrir alla,“ segir hann. Það þýðir að þeir einir geta fengið úthlutun sem eru undir ákveðnum tekju- og eignamörkum við upphaf leigu, sem er skilgreind samkvæmt lögum um almennar íbúðir og reglugerð um almennar íbúðir. „En við höfum verið að skoða það að vera með verkefni samhliða sem er leiguíbúðir án tekjumarka. Í því verkefni fengi Bjarg ekki stofnframlög og þá kemur til greina að lífeyrissjóðirnir eða verkalýðsfélögin komi inn sem hluthafar,“ segir Björn.

Útboð á bréfum í fyrsta íbúðaleigufélaginu á markaði, Heimavöllum, fór fram í byrjun maí. „Það er svo sem ekkert leyndarmál að það var fyrst og fremst verðlagningin í því útboði sem réð því að við ákváðum að taka ekki þátt,“ segir Haukur. Þar voru 750 milljón nýir hlutir seldir fyrir samtals rétt rúmlega 1,04 milljarða króna á útboðsgenginu 1,39 krónur á hlut. Gengi bréfanna byrjaði strax að lækka sama dag og bréfin voru tekin til viðskipta í Kauphöllinni og við lokun markaða í gær var gengið 1,25.



Á meðal verkefna Bjargs íbúðafélags er bygging 155 íbúða við Mjóaveg við Spöng í Grafarvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Það var fyrst og fremst verðlagningin í því útboði sem réð því að við ákváðum að taka ekki þátt.**
>
> Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

Augljóst var eftir útboðið að lífeyrissjóðirnir höfðu lítinn áhuga á að fjárfesta í félaginu. Einhverjir kynnu að hafa útskýrt áhugaleysið með því að mikil umræða hefur verið um Almenna leigufélagið og Heimavelli frá því að þau voru stofnuð. Sú umræða hefur að miklu leyti verið neikvæð. Haukur segir þó orðsporsáhættu ekki hafa valdið áhugaleysi síns lífeyrissjóðs.

„Við metum alla þætti þegar að fjárfestingu kemur og eitt af því er orðsporsáhætta. En fyrst og fremst var það bara verðið. Þegar og þá af þeirri ástæðu ákváðum við að taka ekki þátt. Þannig að aðrir þættir komu ekki til skoðunar,“ segir Haukur. Á fundi, sem stéttarfélagið Efling stóð fyrir í fyrradag, sagði Ólafur Margeirsson hagfræðingur að lífeyrissjóðir gætu gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu leigumarkaðar hér á landi. Ef lífeyrissjóðir og önnur félög og fyrirtæki, ýmist óhagnaðardrifin eða rekin í gróðaskyni, hasli sér völl á leigumarkaði skili það sér í jákvæðri samkeppni.

**jonhakon@frettabladidi.is**



# UPPLIFÐU FRAMTÍÐINA NÚNA.

## BRUNAÐU INN Í FRAMTÍÐINA Í DAG Á NÝJUM BMW X1 EÐA BMW X3.




### BMW X1 18d xDrive. Verð frá 5.850.000 kr.

Staðalbúnaður í BMW X1 er m.a.: 8 gíra Steptronic sjálfskipting, 150 hestafla dísilvél með EU6 mengunarstaðli, 17" álfelgur, start-stopp búnaður, BMW professional 100W hljómtæki, handfrjáls símabúnaður, 6,5" litaskjár í mælaborði o.m.fl. Eldsneytisnotkun 4,8 l/100 km.

### BMW X3 20d xDrive. Verð frá 6.990.000 kr.

Staðalbúnaður í BMW X3 er m.a.: 8 gíra Steptronic sjálfskipting, 150 hestafla dísilvél með EU6 mengunarstaðli, 18" álfelgur, start-stopp búnaður, BMW professional 100W hljómtæki, handfrjáls símabúnaður, 6,5" litaskjár í mælaborði, LED dag- og afturljós, bakkmyndavél, leggja í stæði búnaður o.m.fl. Eldsneytisnotkun 5,0-5,4 l/100 km.

Sheer
Driving Pleasure

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM88837

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

# Tekist á á Twitter

Það var hressilega tekist á á fyrsta borgarstjórnarfundinum eftir kosningar og ekki mikið um kærleika milli minnihluta og meirihluta.

**Líf Magneudóttir**
@lifmagn



Sveimér þá – Ætli Eyþór hafi ekki bara verið að segja satt þegar hann sagðist ætla að breyta Sjálfstæðisflokknum. Flokkurinn samanstendur nú af Sósíalistum, Flokki fólksins og Miðflokknum. Það slitnar a.m.k. ekki slefið á milli þeirra. #borgarstjórn

**Hildur Björnsdóttir**
@hildurbjoss



Þau @lifmagn og @Dagurb gera athugasemdir við samstöðu stjórnarandstöðu í borgarstjórn. Gefa í skyn að Sósíalistar séu nú hægri flokkur. Í ljósi þess meirihluta sem myndaður var mætti þá spyrja með sama hætti: Hvort er @lifmagn nú hægri kona eða @pawelbartoszek nú vinstri maður?

**Dagur B. Eggertsson**
@Dagurb



Hefði þurft að láta segja mér tvisvar að Sanna myndi styðja Eyþór til formennsku í skipulagsráði og Vigdísi í formennsku í umhverfis- og heilbrigðisráði og að þau styddu hana á móti í formennsku í velferðarráð. Fulltrúar meirihlutans hluta – ekki óvænt – kosningu.

**Vigdís Hauksdóttir**
@vigdishauks



Ekki klukkustund búin af fyrsta fundi borgarstjórnar þegar upp komst um leka á trúnaðarupplýsingum. Ekki fer það vel af stað fyrir Dag og co.



Oddviti Sjálfstæðisflokks, Eyþór Arnalds, hér meðal kollega sinna í minnihlutanum, tók oft til máls á fundinum sem stóð langt fram á kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fyrsti fundur tók óvænta stefnu

**Kosið í helstu embætti og ráð nýrrar borgarstjórnar á fyrsta fundi hennar í gær. Meintur leki upplýsinga varð að aðaltriði á fundinum.**

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn á alla þrjá fulltrúa minnihlutans í borgarráði, valdamesta ráði borgarstjórnar, en kosið var í helstu embætti og ráð nýrrar borgarstjórnar á fyrsta fundi hennar í gær. Formaður ráðsins er Þórdís Lóa Þórhallsdóttir en aðrir fulltrúar eru Líf Magneudóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Marta Guðjónsdóttir. Athygli vekur að Valgerður Sigurðardóttir og Egill Þór Jónsson, tveir þriggja varamanna Sjálfstæðisflokksins í ráðinu, voru framar á lista Sjálfstæðisflokksins en Marta, nýkjörinn aðalmaður í ráðinu.

Kosning fulltrúa í helstu ráð borgarinnar féllu þó í skuggann af kröfum minnihlutans um að upplýst yrði um meintan leka á trúnaðarupplýsingum um hver yrði fyrirhugaður fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í umhverfis- og heilbrigðisráði, til Lífar Magneudóttur, þá fyrirhugaðs formanns ráðsins.

Uppvíst varð um hinn meinta leka þegar Líf Magneudóttur lýsti tilhlökkun sinni til samstarfs með Mörtu Guðjónsdóttur, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í ráðinu. Strax í kjölfarið lýsti Marta furðu sinni yfir því að Líf hefði upplýsingar um fyrirhugaða setu hennar í ráðinu, í kjölfarið kvaddi fjöldi borgarfulltrúa sér hljóðs um hinn meinta leka. Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi að meirihluti hefði upplýsingar um verðandi fulltrúa minnihlutans sem hefði engar upplýsingar fengið um tilnefningar meirihlutans. Hildur Björnsdóttir, Sjálfstæðisflokki, upplýsti að framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokksins hefði sent tillögur fyrir hönd alls minnihlutans á skrifstofustjóra borgarstjórnar, Helgu Björk Laxdal, og kallaði eftir upplýsingum um með hvaða hætti upplýsingarnar láku frá skrifstofustjóranum til Lífar Magneudóttur.

Líf vísaði til umræðna borgarfulltrúa á göngum ráðhússins og kaffihúsaspjalls sem hún neitaði að tjá sig frekar um. Hún vísaði því á bug að um trúnaðarupplýsingar væri að ræða heldur ættu þessar upplýsingar að liggja fyrir á netinu, enda yrði kosið um tillögurnar á fundinum. Líf lét á sér skilja að hún kviði fyrir næstu fjórum árum í borgarstjórn sem virtust ætla að verða eins og spænski rannsóknarrétturinn.

Borgarstjóri upplýsti að þrýst hefði verið á minnihlutann að skila tillögum tímanlega fyrir fundinn til að upplýsa mætti aðra um tilnefningar í ráðin, en því hefði ekki verið hlýtt. Sú vinnuregla hefði verið tekin upp að upplýsa borgarfulltrúa um tilnefnda fulltrúa í nefndum og ráðum þegar Framsókn og flugvallarvinir tilnefndu Gústaf Níelsson í mannréttindaráð óvitandi um ummæli sem hann hafði látið falla á opinberum vettvangi, og þóttu ekki sæma fulltrúa í mannréttindaráði. Af þeirri reynslu hefðu borgarfulltrúar lært að skynsamlegra væri að þekkja deili á þeim sem kosnir eru í trúnaðarstöður hjá Reykjavíkurborg. Marta varð alveg gáttuð á þessum orðum borgarstjórans. „Á að vega mig og meta?“ spurði Marta og vísaði til kjörbréfs síns og umboðs kjósenda.

Eftir að Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, sem vísaði til málsins sem alvarlegs trúnaðarbrests, var farin að upplifa umræðurnar eins og skyggnilýsingarfund, lognuðust þær fljótlega út af en borgarstjóri hét því að forsætisnefnd myndi fara yfir hvernig fara bæri með tilnefningar í umrædd ráð. **adalheidur@frettabladid.is**

## Ný stjórn OR

Endurnýjað var í stjórnum Orkuveitu Reykjavíkur, Faxaflóahafna og Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar á fundi borgarstjórnar í gær.

Í nýrri stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sitja Brynhildur Davíðsdóttir prófessor í umhverfis- og auðlindafræðum, Gylfi Magnússon hagfræðingur, Sigríður Rut Júlíusdóttir lögfræðingur, Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi og Kjartan Magnússon, fyrrverandi borgarfulltrúi.

Þrír voru kjörnir í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar, þau Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og Dóra Björt Guðjónsdóttir borgarfulltrúar og Janus Arn Guðmundsson, framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins.

Í stjórn Faxaflóahafna sitja borgarfulltrúarnir Kristín Soffía Jónsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Skúli Helgason, Valgerður Sigurðardóttir og Örn Þórðarson.


**Pallaolía, viðavörn og málning fyrir Íslenskar aðstæður.**

MÚRBÚÐARVERÐ



Deka Projekt 10 innimálning, 10 lítrar (stofn A) **6.390**

Deka þakmálning 10 lítrar **9.990**

Deka Projekt 05 innimálning, 10 lítrar (stofn A) **6.290**

DEKAPRO útimálning, 10 lítrar **7.990**



DEKA SÍLAN vatnsfæla 5 lítrar **8.790**

1 líter kr. **1.990**

MARGIR LITIR



Maston Hammer Spray 400ml **1.050**

Maston Hammer 750ml **1.995**

Maston Hammer 250ml **995**

Blöndum DRAUMALITINA þína!



Oden þekjandi viðarvörn 1 líter, A stofn **1.790**



Landora tréolía Col-51903 3 l. **1.980**

MIKIÐ ÚRVAL



Bostik filler spartl 250ml **490**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

MÚRBÚÐIN

# HM Partýið sent heim!

Pantaðu fyrir kl 15:00
*& fáðu sent heim samdægurs*

EINN TVEIR & ELDA

## Pantaðu núna á **einntveir.is**




**1** *HM EXPRESS*
*FYRIR 4 EÐA 6*

Original Mini Borgarar, Macho Nachos, Djúsí Drumsticks, Alvöru Gráðostasósa.
6 dósir af Coca Cola / Coca Cola Zero

*Jón Arnar Guðbrandsson*
MATREIÐSLUMEISTARI

Frábært verð!




**2** *HM VEGGIE EXPRESS*
*FYRIR 4 EÐA 6*

Veggie Style Borgarar, Macho Nachos, Buffalo Blómkáls „Vængir“, Alvöru Gráðostasósa.
6 dósir af Coca Cola / Coca Cola Zero

Coca-Cola
Holta KJÚKLINGUR
Santa Maria

*Njóttu leiksins ...við sjáum um matinn* 12elda einntveir.is 581 1200

# Ríkisstyrktar misþyrmingar



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Á síðustu vikum hafa bandarísk yfirvöld aðskilið rúmlega 2.300 börn frá foreldrum sínum og fangelsað. Þessar fjölskyldur héldu yfir landamærin í leit að framtíð í landi tækifæranna. Landi sem byggt var á grunni hinnar einu sönnu mannlegu viðleitni; leitarinnar að öryggi, framtíð og friði. Landi sem lengi vel minntist uppruna síns, þar sem frelsisgyðjan Libertis sagði við hinn gamla, fáfróða heim að í framtíðarlandinu væru hinir uppgefnu, þreyttu og frelsisþyrstu velkomnir.

Þetta göfuga viðhorf var framan af leiðarstef leiðtoga á heimssviðinu. En um leið er boðskapurinn djúpstæður og mikilvægur vitnisburður um uppruna allra þjóða og samfélaga frá örófi alda – þau eiga uppruna sinn og menningu að rekja til fólksflutninga, blöndunar mismunandi hópa og sífelldrar innleiðingar nýrra hugmynda, gilda og viðmiða.

Villimennskan sem bandarísk yfirvöld hafa sýnt í garð þeirra sem þangað leita í von um öruggt athvarf er viðurstyggileg, en þó ekki óvænt miðað við það sem Bandaríkjaforseti lofaði í kosningabaráttu sinni. Forsetinn og handbendi hans vísa í lög máli sínu til stuðnings, en allir sjá að óþarfi er að beita þeim með þessum hætti. Forsetinn kennir minnihluta Demókrata á Bandaríkjaþingi um stöðuna, sem er auðvitað fásinna. Að mati bandarískra yfirvalda glatar einstaklingurinn mannréttindum sínum þegar hann kemur til landsins án vegabréfsáritunar. Og nú er svo komið að börn eru geymd í hundraðatali bak við lás og slá, fjarri foreldrum sínum.

En þessi þjóðernisrembingur einskorðast auðvitað ekki við Bandaríkin. Við höfum séð slíkt spretta fram víða um heim á undanförnum árum, þar á meðal í Evrópu. Oft eru þetta leiðtogar sem hafa tilhneigingu til að dást að einveldistilburðum, líkt og í tilfelli Bandaríkjaforseta sem opinberlega hefur lýst aðdáun sinni á kollegum sínum í Rússlandi og Norður-Kóreu.

Það ætti að vera markmið okkar sem vitum betur, okkar einstaklinganna og þeirra sem við höfum valið til að tala fyrir okkar hönd, að mótmæla þjóðrembingi og þeim hörmungum sem hljótast af honum. Þessari meinsemd verður að mæta með andófi, og leiðtogar okkar eru meðsekir þeim, sem hirða ekki um mannlega reisn og þverbrjóta á mannréttindum þeirra sem minna mega sín, láti þeir ekki í sér heyra. Sem aðili að Atlantshafsbandalaginu og Sameinuðu þjóðunum eigum við að láta í okkur heyra, ekki bara til að mótmæla mannfyrirlitningunni í Bandaríkjunum, heldur einnig til að segja hingað og ekki lengra við þá sem telja landamærin æðri mannskepnunni.

**Villimennskan sem bandarísk yfirvöld hafa sýnt í garð þeirra sem þangað leita í von um öruggt athvarf er viðurstyggileg,**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Appelsínugulur á leik**
**Fyrsti fundur nýkjörinnar borgarstjórnar fór í hund og kött á mettíma. Kurr, urgur og kergja voru í minnihlutafólkinu sem æsti sig yfir skipan í ráð og nefndir. Vigdís Hauksdóttir vill þegar rannsaka upplýsingaleka í því sambandi. Dagur B. Eggertsson reyndi að bjarga í horn með því að minna á tilraun Framsóknar til að koma hinum umdeilda Gústaf Níelssyni í mannréttindaráð borgarinnar sem varamanni. Ef einn umdeildur er málamiðlun hefur ríkisstjórn Donalds Trump ákveðið að segja skilið við Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna og sjálfsagt munar Trump ekkert um að taka sæti og útskýra mannréttindi fyrir mannskapnum.**

**Vinsæl og veit af því**
**Vigdís Hauksdóttir hefur fyrir löngu fyllt 5.000 „vina“ kvóta Facebook og hefur þurft að afþakka fjölda vinarbeiðna. „Ég hef til að mynda ekki pláss fyrir nokkuð marga nýkjörna borgarfulltrúa eða aðra nýkjörna sveitarstjórnarmenn á landinu og ekki vil ég henda neinum út,“ skrifar Vigdís sem þarf þó ef til vill ekki að hafa of miklar áhyggjur af eftirspurn nýrra „vina“ í borgarstjórn eftir flugeldasýninguna á fyrsta fundi þeirra í gær. Hún minnir einnig á „like“-síðu sína þar sem hún rekur „harðari pólitík“ en á þeirri persónulegu.**
**thorarinn@frettabladid.is**

# Frelsi fyrir þig



Hildur Björnsdóttir
borgarfulltrúi

Í liðnum borgarstjórnarkosningum fengu kjósendur valið. Þeir flokkar sem boðuðu breytingar og forgangsröðun í þágu grunnþjónustu hlutu 62% atkvæða. Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti flokkurinn í borginni. Gamla meirihlutanum var hafnað. Kjósendur völdu breytingar. Það vakti því undrun þegar myndaður var meirihluti um óbreytta stefnu. Meirihluti sem hefur að baki færri atkvæði en þeir flokkar sem eftir standa í stjórnarandstöðu. Gamli meirihlutinn hlaut viðreisn frá Viðreisn.

Hvað sem stjórnarmyndun líður er Sjálfstæðisflokkurinn enn stærsti flokkurinn í borginni. Hlutverk okkar í sterkri stjórnarandstöðu verður ærið. Við munum veita meirihlutanum virkt málefnalegt aðhald og sofum sannarlega ekki á verðinum. Ábyrg fjármálastjórn, traust grunnþjónusta og frjálslynd gildi verða í forgrunni.

Við leggjum áherslu á niðurgreiðslu skulda í tekjugóðæri. Við teljum ótímabært að ráðast í stórtækar fjárfestingar sem kalla á stóraukna skuldsetningu. Við munum leggja fram marktækar leiðir til skuldaniðurgreiðslu. Við viljum minnka báknið, einfalda stjórnkerfið og lækka álögur á íbúa. Við vitum að traustur fjárhagur er grunnur að góðri þjónustu. Við leggjum áherslu á lausn leikskólavandans. Það er mikilvægt jafnréttismál sem skiptir sköpum fyrir bæði fjölskyldur og atvinnulíf. Enn vantar 200 leikskólakennara til starfa í Reykjavík. Leikskólaplássum er úthlutað með fyrirvara um mannaráðningar. Fyrirséður er áframhaldandi stórtækur vandi næsta haust. Engar markvissar aðgerðir í sjónmáli. Undir þessu verður ekki setið.

Við munum þrýsta á mælanleg markmið í húsnæðismálum, aukið lóðaframboð og stórsókn í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Við viljum tryggja að Reykjavík verði besti búsetukosturinn. Samkeppnishæf borg á innlenda sem alþjóðlega vísu. Hvort heldur sem er – í stjórnarandstöðu eða meirihluta – stendur Sjálfstæðisflokkurinn alltaf fyrir frelsi og val. Einstaklingsfrelsi og atvinnufrelsi. Við viljum banna minna og leyfa meira. Borg sem skapar frjóan jarðveg fyrir sókn og framfarir. Við viljum fjölbreytta borg fyrir fjölbreytt fólk. Greiðar og vistvænar samgöngur. Höfuðborg sem setur fólk og fjölskyldur í forgang. Frelsi fyrir alla – frelsi fyrir þig.

**Enn vantar 200 leikskólakennara til starfa í Reykjavík. Leikskólaplássum er úthlutað með fyrirvara um mannaráðningar. Fyrirséður er áframhaldandi stórtækur vandi næsta haust.**



Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ísland er síðasta vígi Norður-Atlantshafslaxins



**Ingólfur Ásgeirsson**
flugstjóri, stangveiðimaður og einn af stofnendum The Icelandic Wildlife Fund

Mikil og þörf umræða stendur nú yfir um þær hættur sem villtum laxastofnum og náttúru landsins stafar af norskum eldislaxi sem alinn er í sjókvíum. Meðal annars hafa Dýraverndunarsamtök Íslands stigið fram og réttilega fordæmt meðferð eldislaxa í sjókvíum og vísa í því sambandi til gríðarlegs laxadauða í eldi hjá Arnarlaxi á dögunum. Samtökin hafa einnig gagnrýnt meðferð stangveiðimanna við fluguveiðar á villtum laxi og þá aðferð að „veiða og sleppa“ laxi. Við sem stundum stangveiði getum alveg skilið að þessi tiltekna aðferð veki spurningar um dýravelferð.

Það að veiða og sleppa laxi þarfnast því frekari útskýringar enda ólíku saman að jafna, annars vegar því markmiði að halda dýri á lífi með sem minnstum skaða, og hins vegar sjókvíaeldi þar sem um og yfir 20 prósent af fiski lifir ekki af aðstæðurnar sem skepnunum eru búnar.

Að veiða og sleppa er aðeins einn kafli – mikilvægur þó – í sögunni af því hvernig stangveiðimönnum tókst með harðfylgi að snúa við þróun sem stefndi villtum íslenskum laxastofnum í mikla hættu. Þeirri baráttu er hvergi nærri lokið. Áform um stórfellt laxeldi í sjókvíum eru stórkostleg ógn við innlenda laxastofna.

**Að veiða og sleppa er aðeins einn kafli – mikilvægur þó – í sögunni af því hvernig stangveiðimönnum tókst með harðfylgi að snúa við þróun sem stefndi villtum íslenskum laxastofnum í mikla hættu. Þeirri baráttu er hvergi nærri lokið. Áform um stórfellt laxeldi í sjókvíum eru stórkostleg ógn við innlenda laxastofna.**

### Hlutverk stangveiðimanna

Á sínum tíma voru stangveiðimenn undir forystu Orra Vigfússonar og NASF að baki því að netaveiðum á laxi í sjó var hætt við Færeyjar og Grænland, en þar var ætisslóð villtra laxa yfir vetrarmánuðina. Þessi veiði hafði mjög mikil og neikvæð áhrif á laxastofna og heimtur úr sjó. Stangveiðimenn sömdu líka um að netaveiðum á laxi yrði hætt við ósa helstu laxveiðiáa Íslands. Netaveiði hafði höggvið stór skörð í villta laxastofna. Þúsundir laxa rötuðu til dæmis í net í Hvítá og Ölfusá á leið sinni í bergvatnsárnar. Enn er ósamið við Ölfusá en samningar eru í gildi um kaup á óveiddum fiski í Hvítá svo net fara ekki þar niður.

Það var flestum þeim sem stunda stangveiði og láta sig varða náttúru og umhverfi ljóst að það eitt að stöðva netaveiðar myndi ekki duga til ef rétta ætti við stofnana. Lax var enn veiddur í miklum mæli á stöng um land allt. Öll lögleg veiðarfæri voru leyfð, fluga, maðkur og spúnn. Á þessum árum þótti ekkert eðlilegra en að veiða mikið og drepa allt. Umræða um annað þótti framandi.

Það var um og upp úr síðustu aldamótum að loks voru stigin stór skref í þá átt að tryggja hóflega nýtingu í stangveiði í ám landsins. Stærsti áfanginn í því verndarstarfi var þegar sátt náðist um að stöðva svokallaðar maðkaopnanir. Á þessum árum var veitt á maðk framan af sumri, fluguveiði tók við yfir hásumarið og svo var aftur veitt á maðk seinni hluta veiðitímabilsins. Maðkopnanirnar tóku skelfilegan toll af ánum. Hundruð laxa voru drepin í helstu ám landsins á örfáum dögum á hverju ári.

### Löxum gefið líf

Þessi veiðiskapur heyrir nú sem betur fer sögunni til. Fluguveiði er nú allsráðandi, nýting stofnanna er hófleg og stórum hluta veiddra laxa er gefið líf.

Veiðimálastofnun lagði til fyrir um áratug að sleppa skyldi öllum laxi 70 cm og stærri. Staða tveggja ára laxins var þá orðin mjög slæm og hann nánast horfinn úr veiði víða um land. Þessi aðgerð hefur skilað sér svo um munar. Tveggja ára laxinn er nú að koma hratt og örugglega til baka. Sést það hvað best í borgfirsku ánum þar sem hlutdeild stórlaxa hefur farið úr því að vera innan við 10 prósent (2004-2010) í 25-30 prósent (2013-2015).

Í fyrra veiddist mesti fjöldi stórlaxa síðan 1990. Skylduslepping er á öllum laxi yfir 70 cm í öllum helstu ám landsins. Það er undantekningarlaust virt. Öllum stórlaxi er því sleppt ósködduðum út í náttúruna í sjálfbærum ám landsins.

Með því að veiða og sleppa er hægt að sjá til þess að nægur lax verði eftir í ánum í lok veiðitíma til að styðja við góða hrygningu að hausti. Sjálfbærni stofnanna er því tryggð.

Ábyrgð okkar er mikil. Ísland er síðasta vígi Atlantshafslaxins. Honum hefur verið eytt víðast annars staðar, eða stofnarnir eiga mjög undir högg að sækja. Þar á meðal skerðir erfðablöndunin við eldislax mjög getu þeirra til að komast af í náttúrunni.



# ✩Framandi sól hjá Sumarferðum



JÓGA ✩ SPA ✩ SNORKL ✩ GÖNGUFERÐ ✩ STRANDARPARTÝ ✩ SURF ✩ SKÚTUSIGLING ✩ HJÓLAFERÐ

## ÆVINTÝRAFERÐ TIL BALÍ

13.–26. NÓVEMBER

Balí er sönn paradís á þessari jörð og hefur upp á að bjóða ótrúlega frumskóga, hvítar strendur, tæran sjó og iðandi mannlíf. Komdu og upplifðu ævintýrið með okkur! Fararstjóri er Egill Fannar Halldórsson.

EINSTAKT VERÐ **339.900 KR.**

**Verð á mann m.v. 2 fullorðna. Verð frá 330.600 kr. á mann m.v. 3 fullorðna.**



SJÓSKÍÐI ✩ KÖFUN ✩ SNORKL ✩ SEGLBRETTI ✩ GOLF ✩ SKÚTUSIGLING ✩ HJÓLAFERÐ

**ALLT INNIFALIÐ**

## VARADERO Á KÚBU FJÖLSKYLDUFERÐ

10.–17. NÓVEMBER

**5 stjörnu gisting Ocean Vista Azul Varadero. Deluxe fjölskylduherbergi með ALLT INNIFALIÐ!**

Varadero er þekktur ferðamannastaður, eða „resort", með hvítum sandströndum og er eitt af þeim stærstu í Karíbahafinu. Svæðið er af mörgum talið "elite" svæði á Kúbu og er tilvalinn áfangastaður fyrir fjölskyldur

VERÐ **249.900 KR.**

**Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 eða 2 börn.**

ICELANDAIR

**SÉRTILBOÐ 2 VIKUR!**

**VINSÆL KEÐJA**

### TENERIFE
IBEROSTAR BOUGANVILLE PLAYA ✩✩✩✩

FRÁ **139.900 KR.**

**Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með morgunverði. Verð frá 194.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.**

***Ferðatímabil: 23. júní – 7. júlí***

### MALLORCA
OLA TOMIR ✩✩✩

FRÁ **99.900 KR.**

**Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu með morgunverði. Verð frá 112.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.**

***Ferðatímabil: 24. júní – 1. júlí***

### KANARÍ
IFA BUENAVENTURA ✩✩✩

FRÁ **76.900 KR.**

**Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með HÁLFU FÆÐI. Verð frá 88.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.**

***Ferðatímabil: 26. júní – 3. júlí***

**SKOÐAÐU FLEIRI VERÐDÆMI Á** Sumarferdir.is

**Innifalið í verði: Flug, flugvallaskattar, gisting, íslensk fararstjórn, ferðataska og handfarangur. Þjónustusími opinn allan sólarhringinn.**

**Bókaðu núna, fleiri verðdæmi og brottfarir á www.sumarferdir.is**


ALBIR
HOTEL KAKTUS ☆☆☆☆
FRÁ 79.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð frá 93.200 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
Ferðatímabil: 28. júní – 6. júlí
ALMERÍA
ARENA CENTER ☆☆☆☆
FRÁ 69.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 93.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
Ferðatímabil: 28. júní – 5. júlí
ALLT INNIFALIÐ
ALMERÍA
ROC GOLF TRINIDAD ☆☆☆☆
FRÁ 99.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með ALLT INNIFALIÐ. Verð frá 130.100 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
Ferðatímabil: 5.–12. júlí
Fáðu ferðaráðgjöf hjá Jenný sölufulltrúa
Sími 514 1400 | sumarferdir@sumarferdir.is
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar

# Stoltur að vera við hlið Guðna

**Birkir Már komst um helgina upp að hlið Guðna Bergssonar í 4. sæti yfir flesta landsleiki fyrir hönd Íslands. Eiður Smári og Hermann eru ekki langt undan en hann kveðst vera sáttur við að vera nefndur í þessu samhengi.**







Birkir Már er kominn í föngulegan hóp leikjahæstu landsliðsmanna karlaliðs Íslands.

**FÓTBOLTI** Bakvörðurinn Birkir Már Sævarsson komst í góðra manna hóp um helgina er hann lék 80. landsleik sinn fyrir hönd Íslands í 1-1 jafntefli við Argentínu í Moskvu. Með því komst hann upp að hlið formanns KSÍ, Guðna Bergssonar, í 4. sæti yfir flesta landsleiki fyrir hönd karlaliðs Íslands. Aðeins þrír leikmenn eiga fleiri leiki, Rúnar Kristinsson er enn leikjahæstur með 104 leiki en Hermann Hreiðarsson (89) og Eiður Smári Guðjohnsen (88) eiga enn nokkra leiki á Birki. Liðsfélagar hans, Ragnar Sigurðsson og Aron Einar Gunnarsson, eru ekki langt undan með 78 leiki en þeir ná Guðna á meðan á heimsmeistaramótinu stendur spili þeir leikina tvo sem eftir eru í riðlakeppninni. Sjálfur sagðist Birkir ekki hafa gert sér grein fyrir þessu.

„Ég er alveg ótrúlega stoltur að vera hluti af þessum hóp og að heyra af þessu, að ég sé kominn upp að hlið Guðna Bergssonar er lyginni líkast. Ég vissi það í raun ekki,“ sagði Birkir og hélt áfram: „Maður hugsaði aldrei út í þetta en ég er ótrúlega stoltur af því að heyra þetta. Þetta sýnir hvað maður getur farið langt á mikilli vinnu og metnaði, ég er ekkert hæfileikaríkasti maðurinn á þessu móti en þetta sýnir hvað er hægt að uppskera. Maður er búinn að gefa allt í að bæta sig sem fótboltamaður.“ Hann vildi ekki gefa út nein markmið um hversu hátt hann ætlaði að komast. „Við sjáum til, ég er bara glaður á meðan ég fæ leiki með þessum hóp, þetta er frábær klúbbur að vera í og ég gæti ekki verið stoltari.“

Hann segir að þeir hafi ekki mikinn tíma til að dvelja við það að hafa náð jafntefli gegn Argentínu. „Við förum yfir Argentínuleikinn kvöldið eftir og honum lokað. Þá komum við okkur niður á jörðina og færðum einbeitinguna yfir á næsta leik,“ sagði Birkir en hann fékk það verkefni að stöðva Angel Di Maria, leikmann PSG, sem hefur einnig leikið með Real Madrid og Manchester United.

„Ég upplifði ekki hræðslu í leiknum sjálfum, í aðdraganda mótsins var svolítið yfirþyrmandi að hugsa út í gæði þeirra en þegar komið er inn á völlinn þá hugsar maður bara að þetta sé fótboltaleikur milli tveggja liða, ellefu á móti ellefu,“ sagði Birkir sem hafði Di Maria í vasanum þar til honum var skipt af velli. „Maður var greinilega að gera eitthvað rétt fyrst hann var tekinn snemma út af,“ sagði Birkir sem fékk ferska fætur inn í stað hans. „Það er oft erfitt fyrir okkur bakverðina, við fáum ferska fætur inn og þurfum að takast á við það en mér fannst það ganga ágætlega.“ **- kpt**

**Ársfundur 2018**

**Dagskrá**

1. Fundur settur.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Gerð grein fyrir ársreikningi.
4. Tryggingafræðileg úttekt.
5. Breytingar á samþykktum – kynning.
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
7. Önnur mál.

**Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn miðvikudaginn 20. júní 2018 og hefst hann kl. 16:30. Fundurinn verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.**

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.
Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 23. 05. 2018
**Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda**

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda



**Úr leik Íslands og Tékklands í síðasta mánuði.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Erfitt verkefni fram undan

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta datt ekki í lukkupottinn þegar dregið var í riðla fyrir forkeppni HM 2019 sem fer fram í Japan.

Ísland var í öðrum styrkleikaflokki og dróst í riðil með Makedóníu, Tyrklandi og Aserbaídsjan. Sigurvegarar riðlanna fjögurra komast í umspil um sæti á HM sem og það lið sem er með bestan árangur í 2. sæti.

Ekki liggur enn fyrir hvort leikið verður heima og að heiman eða hvort riðillinn verði allur leikinn á sama stað. Þá verða leikirnir aðeins þrír en ekki sex.

Ísland hefur einu sinni komist á HM en það var árið 2011 þegar mótið fór fram í Brasilíu. **– iþs**

## Stjarna dagsins á HM 2018

Yuya Osako tryggði Japan sögulegan sigur á Kólumbíu þegar hann skallaði hornspyrnu Keisuke Honda í netið í leik liðanna í H-riðli heimsmeistaramótsins í gær. Lokatölur 2-1, Japan í vil en þetta var fyrsti sigur Asíuþjóðar á þjóð frá Suður-Ameríku í sögu HM. Osako, sem gengur í raðir Werder Bremen eftir HM, hefur skorað átta mörk í 30 landsleikjum.

Með markinu gegn Kólumbíu tryggði hann Japan sinn fyrsta sigur á HM síðan 2010. Japanska liðið vann ekki leik á HM í Brasilíu fyrir fjórum árum og féll út í riðlakeppninni.



**HM 2018 í Rússlandi í gær**

**A-riðill**

**Rússland - Egyptaland 3-1**
1-0 Ahmed Fathi, sjálfsmark (39.), 2-0 Denis Cheryshev (59.), 3-0 Artem Dzyuba (62.), 3-1 Mohamed Salah, víti (73.)

**H-riðill**

**Kólumbía - Japan 1-2**
0-1 Shinji Kagawa, víti (6.), 1-1 Juan Quintero (39.), 1-2 Yuya Osako (73.).

**Pólland - Senegal 1-2**
0-1 Thiago Cionek, sjálfsmark (37.), 0-2 M'Baye Niang (60.), 1-2 Grzegorz Krychowiak (86.)

## HM í dag

**12.00** Portúgal – Marokkó
**15.00** Úrúgvæ – Sádi-Arabía
**18.00** Íran – Spánn

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Stjarnan - ÍBV 2-1**
0-1 Shahab Zahedi Tabar (17.), 1-1 Þorsteinn Már Ragnarsson (24.), 2-1 Baldur Sigurðsson (84.)

**Pepsi-deild kvenna**

**Selfoss - Þór/KA 0-0**

**Breiðablik - FH 3-1**
1-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (67.), 1-1 Kristín Dís Árnadóttir, sjálfsmark (69.), 2-1 Hugrún Elvarsdóttir, sjálfsmark (79.), 3-1 Agla María Albertsdóttir (86.)

**Grindavík - HK/Víkingur 1-1**
0-1 Hildur Antonsdóttir (26.), 1-1 Rio Hardy (30.)

**Valur - KR 4-0**
1-0 Elín Metta Jensen (43.), 2-0 Guðrún Karítas Sigurðardóttir (77.), 3-0 Guðrún Karítas Sigurðardóttir (82.), 4-0 Elín Metta Jensen (84.)

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 20. júní 2018 | 23. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL










# Stál í stál

Tilraunir Gamla Byrs til þess að ná sáttum við Íslandsbanka í ágreiningsmáli um virði útlánasafns sem bankinn keypti af Byr og ríkissjóði haustið 2011 hafa ekki borið árangur. Of mikið ber á milli. Stjórn Gamla Byrs segist hafa ástæðu til þess að ætla að bankinn sé að reyna að „þreyta“ kröfuhafa Byrs.

»4-5



»2

## Fengið 66 milljónir á tveimur árum

Sveinn Andri Sveinsson lögmaður fékk að meðaltali fjórar milljónir á mánuði í fyrra vegna starfa sinna fyrir þrotabú heildverslunar Eggerts Kristjánssonar. Segir mikla vinnu hafa farið í að rannsaka málið.

»2

## Íslenska gámafélagið sett í söluferli

Hluthafar Íslenska gámafélagsins hafa boðið allt hlutafé fyrirtækisins til sölu. Kvika hefur umsjón með söluferlinu. Áætluð EBITDA þessa árs um 650 milljónir króna.

»6

## Fordæmalausar sektarheimildir

„Það er því ljóst að fjárhæð stjórnvaldssekta sem mælt er fyrir um í hinum nýju lögum um persónuvernd er langtum hærri en það sem áður hefur þekkst í íslensku lagaumhverfi,“ segir María Kristjánsdóttir, lögmaður á LEX, í aðsendri grein.






Velta Íslenska gámafélagsins hefur nærri tvöfaldast frá 2012.

# Bjóða allt hlutafé Íslenska gámafélagsins til sölu

Hluthafar Íslenska gámafélagsins, eignarhaldsfélagið Gufunes og fagfjárfestasjóðurinn Auður I hafa ákveðið að bjóða til sölu allt hlutafé félagsins. Það er fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka sem hefur umsjón með söluferlinu en í stuttri fjárfestakynningu, sem Markaðurinn hefur undir höndum, kemur fram að áætlað sé að velta fyrirtækisins á þessu ári verði um 4,9 milljarðar króna og hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) um 650 milljónir.

Formlegt söluferli hófst í byrjun þessa mánaðar en gert er ráð fyrir að fyrstu óskuldbindandi tilboðin berist frá fjárfestum á fyrri helmingi júlímánaðar.

Aðalstarfsemi Íslenska gámafélagsins er almenn sorphirða og útleiga á gámum, bifreiðum og tækjum. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru 4.500 talsins og samanstanda af 2.800 fyrirtækjum og stofnunum, 1.700 einstaklingum og 23 sveitarfélögum. Allt hlutafé Vélamiðstöðvarinnar, dótturfélags Íslenska gámafélagsins, er jafnframt til sölu en samtals starfa um 300 manns hjá fyrirtækjunum.

Íslenska gámafélagið er í jafnri eigu Gufuness ehf. og Auðar I en stærsti hluthafi Gufuness er Jón Þórir Frantzon, sem er jafnframt stjórnarformaður Íslenska gámafélagsins.

Í fjárfestakynningunni kemur fram að frá árinu 2012 hafi velta félagsins nærri tvöfaldast og nemur árlegur vöxtur að meðaltali um 10,7 prósentum. Þá hefur EBITDA félagsins þrefaldast yfir sama tímabil og er gert ráð fyrir að EBITDA sem hlutfall af tekjum verði um 13 prósent á þessu ári.

Efnahagsreikningur Íslenska gámafélagsins hefur stækkað mjög á síðustu árum samhliða auknum umsvifum og endurnýjun á bifreiðum og flutningatækjum. Heildareignir í árslok 2017 námu 5,5 milljörðum. Nettó skuldir félagsins voru um 2,8 milljarðar og eigið fé nam 1,7 milljörðum. – **hae**

# Georg keypti íbúðir metnar á þrjá milljarða

Georg Gíslason hefur keypt leigufélagið Velli 15 sem á um 180 íbúðir sem metnar eru á um þrjá milljarða í bókum félagsins. Seljendur voru ODT Ráðgjöf, sem er í eigu Ólafs D. Torfasonar, stofnanda Íslandshótela, með 58 prósenta hlut og Íslandshótel með 42 prósenta hlut, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Georg er bróðir Rúriks, landsliðsmanns í knattspyrnu en hann fjárfesti einsamall í leigufélaginu. Hann hefur um árabil rekið fyrirtækið Vegamálun sem málar merkingar á vegi og götur.

Vellir 15 á um 180 íbúðir en um 70 prósent þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu, einkum í Vallahverfinu í Hafnarfirði, að því er fram kom í Markaðnum í haust. Samkvæmt ársreikningi voru fasteignir félagsins metnar á 3,1 milljarð króna árið 2017 og eigið fé var 960 milljónir króna. Eiginfjárhlutfallið var 30,5 prósent. Tekjurnar jukust um fjórðung á milli ára og námu 211 milljónum króna. Vöxtinn má rekja til kaupa á tveimur fasteignafélögum. Vellir 15 tapaði 34 milljónum í fyrra og 29 milljónum árið áður. Fyrirtækjaráðgjöf Kviku annaðist söluna. – **hvj**

**70%**

**íbúðanna eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu**






# Skiptastjóri hefur fengið 66,5 milljónir

**Sveinn Andri Sveinsson lögmaður fékk að meðaltali fjórar milljónir króna á mánuði í fyrra vegna starfa sinna fyrir þrotabú heildverslunar Eggerts Kristjánssonar. Hann segir að mikil vinna hafi farið í að rannsaka málið. Þrjú riftunarmál liggi fyrir hjá dómstólum.**



Sveinn Andri Sveinsson skiptastjóri segir horfur vera „nokkuð góðar“ með endurheimtur kröfuhafa. MYND/GVA

Sveinn Andri Sveinsson lögmaður þáði 66,5 milljónir króna án virðisaukaskatts í þóknun á árunum 2016 og 2017 fyrir störf sín sem skiptastjóri heildverslunarinnar Eggerts Kristjánssonar. Með virðisaukaskatti var fjárhæðin 82,3 milljónir króna. Hann fékk 16,8 milljónir króna án virðisaukaskatts árið 2016 og 49,7 milljónir ári síðar. Árið 2017 innheimti hann því að meðaltali um 4,1 milljón króna á mánuði vegna starfa sinna fyrir þrotabúið.

Kostnaður við gjaldþrotaskiptin nemur orðið 98 milljónum króna án virðisaukaskatts en þar er meðtalin aðkeypt vinna sérfræðinga eins og í endurskoðun og lögum. Þrotabúið er enn í skiptameðferð og nema kröfur 285,5 milljónum króna. Þetta kemur fram í skýrslu skiptastjóra sem Markaðurinn hefur undir höndum. Nafni félagsins var breytt í EK1923 við gjaldþrotið.

Þrír lögmenn kröfuhafa þrotabús heildverslunarinnar létu bóka að þeir áskilji sér rétt til þess að bera skiptakostnað undir héraðsdóm. Tveir þeirra óskuðu eftir tímaskýrslum Sveins Andra. Þetta kemur fram í endurriti úr gerðabók skiptastjóra sem Markaðurinn hefur einnig undir höndum.

**» Kostnaður við gjaldþrotaskiptin nemur orðið 98 milljónum króna án virðisaukaskatts en þar meðtalin er aðkeypt vinna sérfræðinga eins og í endurskoðun og lögum.**

**Fimm gerðu ekki athugasemdir**

Sveinn Andri segir í samtali við Markaðinn að hinir fimm lögmennirnir sem mættu á fundinn fyrir hönd kröfuhafa hafi ekki gert athugasemdir við kostnað varðandi gjaldþrotaskiptin. Eins séu til nákvæmar tímaskýrslur vegna vinnunnar. „Það hefur farið mikil vinna í að rannsaka fjármál þrotabúsins, enda hafa fyrrverandi stjórnendur reynt eftir megni að hylja slóð fjármuna frá búinu skömmu fyrir þrot. Endurkrafa á ríkið vegna tollkvóta að fjárhæð 14 milljónir hafði verið framseld til systurfélags og 21 milljón króna tekin af bankabók félagsins skömmu fyrir gjaldþrot. Loks voru flóknir gerningar með fasteign félagsins, þar sem eftirstöðvar kaupsamnings voru strikaðar út með seinni tíma skiptingaráætlun. Það var bæði kaupsamningur um hana og einnig skiptingaráætlun. Næstu skref mín voru að rifta þessum þrennum viðskiptum og eru þau mál fyrir dómstólum. Einnig voru lagðar fram kærur á hendur eiganda og stjórnendum hjá honum fyrir undanskot fjármuna. Ég hef notið stuðnings kröfuhafa í öllum þeim málum,“ segir hann.

Skúli Gunnar Sigfússon, stofnandi Subway á Íslandi og fyrrverandi aðaleigandi Eggerts Kristjánssonar, hefur ásamt viðskiptafélögum sínum kært Svein Andra til héraðssaksóknara fyrir meintar ólögmætar þvinganir og rangar sakargiftir.

Úttektina af bankareikningi heildsölunnar má rekja til millifærslna frá og til Sjöstjörnunnar vegna fjármuna sem nýttir voru sem handveð fyrir húsaleiguábyrgð frá Íslandsbanka. Þegar annað félag tók húsnæðið á leigu féll ábyrgðin niður og fjárhæðin var millifærð aftur á Sjöstjörnuna. Skiptastjóri segir í skýrslunni að fjárhæðin hafi ekki verið afmörkuð með neinum hætti og því um hefðbundið viðskiptalán að ræða.

Sveinn Andri segir að þrotabúið hafi unnið málið er varðaði tollkvótann fyrir Héraðsdómi en því hafi verið áfrýjað til Landsréttar. Málið verði tekið fyrir í haust. Málin er varða bankabókina og fasteignina hafi verið sameinuð máli þar sem eignir Skúla Gunnars hafi verið kyrrsettar. Málið verði tekið fyrir í september. Eignir hafi verið kyrrsettar fyrir rúmlega 400 miljónir króna.

Sveinn Andri segir horfur vera „nokkuð góðar“ með endurheimtur kröfuhafa. „Ef þrautavarakrafan er varðar fasteign félagsins verður samþykkt, dugir það til að greiða upp allar kröfurnar.“ Höfuðstóll kröfu til þrautavara sé 222 milljónir króna en 300 milljónir króna með dráttarvöxtum.

**Strembinn rekstur frá 2010**

Rekstur Eggerts Kristjánssonar hafði verið strembinn frá árinu 2010 og heildsalan varð gjaldþrota árið 2016. Heildsalan hafði meðal annars umboð fyrir Findus. Skúli Gunnar keypti heildverslunina í lok árs 2013 ásamt öðrum fyrir 260 milljónir króna, samkvæmt skýrslu skiptastjóra. Samlegð átti að nást með samstarfi Subway og Eggerts Kristjánssonar. Dreifikerfi heildverslunarinnar var nýtt til að dreifa matvælum á Subway-staði.

**helgivifill@frettabladid.is**

# Afkoma álversins í Straumsvík batnar

Álver Rio Tinto Alcan í Straumsvík tapaði tæpum 393 þúsund dölum eða sem jafngildir 43 milljónum króna í fyrra, samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins. Afkoman batnaði á milli ára, þrátt fyrir taprekstur, en álverið skilaði tapi upp á 34 milljónir dala árið 2016.

Í skýrslu stjórnar félagsins, Rio Tinto á Íslandi hf., segir að markaðsaðstæður hafi haldið áfram að batna á árinu og verð á afurðum hækkað jafnt og þétt. Það hafi leitt til metframleiðslu en framleiðsla kerskála var í heild sinni 211.534 tonn á árinu og jókst um sex þúsund tonn frá fyrra ári.



**Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi.**

Sölutekjur álversins námu 521 milljón dala og jukust um 37 prósent frá árinu 2016 og þá voru rekstrargjöldin tæplega 522 milljónir dala borið saman við 429 milljónir dala árið áður. Munaði þar mestu um þyngri launakostnað en hann jókst um hátt í fimmtung á síðasta ári.

Álverið í Straumsvík skilaði rekstrarhagnaði upp á 619 þúsund dali í fyrra borið saman við 47 milljóna dala rekstrartap árið 2016.

Eignir félagsins námu 588 milljónum dala í lok síðasta árs en þær voru 707 milljónir dala í lok árs 2016. Eigið fé var 518 milljónir í lok árs 2017. Þá var fjöldi ársverka 399 á árinu samanborið við 416 árið 2016.

Sem kunnugt er gerði norski álframleiðandinn Norsk Hydro kauptilboð í álver Rio Tinto í Straumsvík í febrúar síðastliðnum. Er gert ráð fyrir að kaupin gangi í gegn undir lok þessa mánaðar, að því er segir í ársreikningnum. – **kij**




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is



Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, og Jón Guðni Ómarsson fjármálastjóri. Stjórn Gamla Byrs gagnrýnir framgöngu bankans harðlega og segir að svo virðist sem bankinn sé að reyna að „þreyta“ kröfuhafana sem eru að stórum hluta austurrískir og þýskir bankar og sparisjóðir. Vaxandi óþreyju gætir á meðal kröfuhafanna sem vilja ljúka slitameðferðinni sem fyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sáttaviðræðurnar fóru út um þúfur

**Sáttaviðræður Gamla Byrs og Íslandsbanka fóru út um þúfur. Of mikið ber á milli og telur stjórn Gamla Byrs „óraunsætt“ eins og sakir standa að deilendur nái sáttum. Stjórnin sakar bankann um að reyna að „þreyta“ kröfuhafa Byrs. E&Y hefur verið stefnt í málinu.**


Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is
Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is




Tilraunir Gamla Byrs, sem lauk nauðasamningum í janúar árið 2016, til þess að ná sáttum við Íslandsbanka í ágreiningsmáli um virði útlánasafns sem bankinn keypti af Byr og ríkissjóði haustið 2011 hafa ekki borið árangur og telur stjórn Gamla Byrs „óraunsætt“ eins og sakir standa að deilendur komist að samkomulagi sem báðir geti sætt sig við.

Mikið ber á milli Byrs og bankans, samkvæmt heimildum Markaðarins, og er bilinu lýst sem nær óbrúanlegu.

Í bréfi sem stjórn Gamla Byrs sendi kröfuhöfum 12. júní síðastliðinn og Markaðurinn hefur undir höndum segist hún hafa ástæðu til þess að ætla að Íslandsbanki sé að reyna að „þreyta“ kröfuhafana og neyða þá til þess að gangast undir sátt sem sé í engu samræmi við staðreyndir málsins.

Gamli Byr hefur jafnframt stefnt Ernst & Young til réttargæslu í skaðabótamáli bankans gegn Byr og fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sem rekið er fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, í því skyni að styrkja varnir Byrs í málinu og enn fremur veita endurskoðunarfyrirtækinu tækifæri til þess að verjast mögulegri skaðabótakröfu af hálfu Byrs.

Ákveðið var að stefna endurskoðunarfyrirtækinu, sem er nú endurskoðandi Íslandsbanka, í kjölfar þess að tveir dómkvaddir matsmenn létu í ljós það álit sitt að reikningar sparisjóðsins áður en kaupin gengu í gegn, sem sérfræðingar Ernst & Young endurskoðuðu, hafi ekki verið í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Gamli Byr hefur ekki enn getað greitt stöðugleikaframlag til íslenska ríkisins sem yrði að óbreyttu rúmlega tveir milljarðar króna. Heildareignir slitabúsins, sem eru í formi innstæðna á bankareikningum og í peningamarkaðssjóðum, nema um 7,8 milljörðum króna en samkvæmt stöðugleikaskilyrðum ber búinu að greiða 26 prósent af eignunum í stöðugleikaframlag.

> **7,7**
> **milljarðar króna, auk vaxta, er fjárhæð skaðabótakröfu Íslandsbanka á hendur Gamla Byr og ríkissjóði.**

> **Í bréfi stjórnar Gamla Byrs til kröfuhafa segist stjórnin hafa ástæðu til að ætla að Íslandsbanki sé að reyna að „þreyta“ kröfuhafana og neyða þá til þess að gangast undir sátt sem sé í engu samræmi við staðreyndir málsins.**

Edda Hermannsdóttir, samskiptastjóri Íslandsbanka, segir að málarekstur bankans gegn Gamla Byr sé á forræði dómstóla og bankinn ætli ekki að tjá sig sérstaklega um meiningar Gamla Byrs á framgangi þess.

Íslandsbanki, sem er alfarið í eigu ríkisins, telur að ofmat á verðmæti lánasafnsins sem bankinn keypti af Byr og ríkissjóði haustið 2011 hafi valdið bankanum fjártjóni og hefur krafist þess að seljendurnir greiði bankanum skaðabætur upp á 7,7 milljarða króna auk vaxta. Bankinn borgaði samtals 6,6 milljarða króna á sínum tíma fyrir allar eignir Byrs.

### Skili matsgerð í nóvember

Íslandsbanki fékk í maímánuði árið 2014 dómkvadda tvo matsmenn, löggiltu endurskoðendurna Lúðvík Karl Tómasson og Maríu Sólbergsdóttur, til þess að meta meint fjártjón bankans. Þau eru enn að störfum og gera ráð fyrir að skila matsgerð sinni 15. nóvember næstkomandi. Gamli Byr hefur krafist þess að máli bankans verði vísað frá dómi hið fyrsta en bankinn hefur hins vegar sagst vilja bíða eftir því að hinir dómkvöddu matsmenn ljúki verki sínu áður en krafa um frávísun verði tekin fyrir.

Landsréttur staðfesti í síðustu viku úrskurð héraðsdóms þar sem tekið var undir með bankanum og fallist á kröfu hans um að fresta flutningi á frávísunarkröfu Gamla Byrs þar til umrædd matsgerð liggur fyrir en þó ekki lengur en til 15. nóvember. Var tekið fram í dómi Landsréttar að þó svo að Gamli Byr hafi „ríka hagsmuni“ af því að meðferð málsins sé hraðað eins og kostur er, þá verði að líta til þess að matsgerð Íslandsbanka sé ætlað að treysta grundvöll kröfu bankans. Bankinn hafi „brýna hagsmuni“ af því að afla sér slíkrar sönnunar áður en frávísunarkrafa Gamla Byrs verði tekin fyrir.

### Of mikið bar á milli

Í áðurnefndu bréfi stjórnar Gamla Byrs, sem Gunnar Þór Þórarinsson, stjórnarformaður Byrs og einn eigenda lögmannsstofunnar Logos, skrifar undir, er bent á að málarekstur bankans hafi tafið lok slitameðferðar félagsins – og kostað þannig kröfuhafa þess tíma og fjármuni – og af þeim sökum hafi félagið reynt að leita sátta við bankann.

Rakið er að þrátt fyrir að Gamli Byr haldi fast við þá skoðun sína að kröfur Íslandsbanka séu ekki á rökum reistar, þá hafi félagið skyldum að gegna gagnvart kröfuhöfum sínum og verði því að kanna til þrautar hvort lausn geti fundist á deilunni utan veggja dómsala. Fulltrúar Byrs hafi átt „uppbyggileg“ samtöl við bankann og lögmann hans, Andra Árnason, og rætt ýmsar „tölur“ á nokkrum sáttafundum frá því í október 2017 til janúar 2018. Hins vegar hafi fljótlega orðið ljóst að of mikið bar á milli og því hafi viðræðurnar farið út um þúfur. Er tekið fram að „nýleg, óformleg samskipti“ við bankann hafi – eins og sakir standa – ekki aukið líkurnar á því að sáttir náist.

Í kjölfar þess að sáttatilraunin

## Afskrift viðskiptavildar lækkaði skattgreiðslur bankans

Afskrift Íslandsbanka á tæplega 17,8 milljarða króna viðskiptavild Byrs á seinni hluta árs 2011 lækkaði skattgreiðslur bankans verulega og þykir skjóta skökku við í ljósi yfirlýsinga bankans um þann ávinning sem fólst í yfirtöku hans á sparisjóðnum.

Í greinargerð sem Gamli Byr lagði fyrir héraðsdóm í byrjun ársins og Markaðurinn hefur undir höndum er bent á að auk þess að lækka skattgreiðslur bankans hafi afskriftin jafnframt leitt til þess að kaup á hlutafé Byrs sýndu reikningslega neikvæða niðurstöðu fyrir bankann þar sem yfirteknar skuldir, fyrst og fremst innlán, hafi orðið hærri en verðmæti eignanna sem keyptar voru.

Er tekið fram í greinargerðinni að ef viðskiptavildin hefði ekki verið virðisrýrð, heldur staðið óbreytt í reikningum Íslandsbanka, þá hefði ekkert tjón orðið. Hið meinta tjón, sem bankinn telur sig hafa orðið fyrir, sé „framkallað með einhliða ákvörðun“ bankans um að virðisrýra að fullu keypta viðskiptavild.

Af yfirlýsingum bankans í aðdraganda kaupanna og ekki síður eftir kaupin – um þann ávinning sem fólst í þeim – sé augljóst að raunveruleg viðskiptavild hafi verið fólgin í yfirtökunni á Byr.

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 20. JÚNÍ 2018

# Nýju flísarnar grípa augað

Ingunn Mjöll Vilhjálmsdóttir býr ásamt eiginmanni og tveimur börnum í fallegri íbúð í Vogahverfinu. Eldhúsið hefur vakið athygli og þá ekki síst veggflísarnar sem setja mikinn svip á það en þær eru litríkar með óvenjulegu mynstri. →2



„Við rifum bókstaflega allt út úr íbúðinni og opnuðum eldhúsið, sem er 10 fermetrar, fram á gang svo það er núna í miðrými íbúðarinnar. Það tók þrjár vikur að umbylta íbúðinni en við unnum líka frá morgni til kvölds," segir Ingunn. MYND/SIGTRYGGUR ARI



**Nú stendur rabarbari í fögrum blóma og er sannkölluð búbót fyrir þá sem kunna að nýta hann í sælkeraeldhúsinu heima. Sterkt rabarbarachutney gefur nýja matarupplifun.** →4




Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Framhald af forsíðu ➩

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Við keyptum þessa íbúð fyrir þremur árum og þá leit eldhúsið allt öðruvísi út en í dag. Við rifum bókstaflega allt út úr íbúðinni og opnuðum eldhúsið, sem er 10 fermetrar, fram á gang svo það er núna í miðrými íbúðarinnar. Það tók þrjár vikur að umbylta íbúðinni en við unnum frá morgni til kvölds og nutum aðstoðar vina og vandamanna. Í raun lyftum við grettistaki á þessum stutta tíma. Þegar allri undirbúningsvinnu var lokið röðuðum við upp eldhúseiningum frá IKEA eins og við töldum best. Við erum ótrúlega ánægð með útkomuna og erum enn að tala um hvernig okkur tókst þetta eiginlega," segir Ingunn, sem er heimavinnandi og sér um bókhald fyrir smáfyrirtæki.

Friðrik Þór Gestsson, eiginmaður hennar, er smiður og hann var búinn að skipuleggja verkefnið frá upphafi til enda og því gengu framkvæmdir eins vel og raun ber vitni. Ingunn segir þau ekki hafa skoðað aðrar innréttingar en frá IKEA en þau notuðu teikniforrit fyrirtækisins til að finna út hvernig best væri að raða upp eldhúseiningunum.

Hvað voruð þið aðallega með í huga við val á innréttingu? „Okkur fannst mikilvægt að hafa gott vinnupláss og að það þyrfti að þrífa sem minnst, enda finnst mér það ótrúlega leiðinlegt. Við völdum framhlið í hvítu með háglans og það sér ekkert á henni, þótt ótrúlegt sé. Við vildum líka hafa gott pláss fyrir allt leirtau og potta og pönnur. Við spáðum mikið í hagnýtum atriðum og ofninn er t.d. í vinnuhæð, það er stutt frá vaskinum að eldavélinni og þegar tekið er úr uppþvottavélinni er allt leirtau geymt innan seilingar."

Þegar Ingunn er spurð hvað herlegheitin hafi kostað kemur í ljós að þau borguðu um 1,3 milljónir fyrir innréttingu, bakaraofn, helluborð, stóran kæliskáp með frysti og uppþvottavél.

Hún segir þau hafa tekið þó nokkurn tíma að fá réttu flísarnar en hún hafði ákveðnar hugmyndir í því sambandi. „Ég fékk flísarnar sem ég leitaði að í Bauhaus. Þær eru litríkar og minna mig mest á ítölsk eldhús. Þær kostuðu vissulega sitt en voru hverrar krónu virði. Ég vildi ekki hafa eldhúsið alveg hvítt heldur poppa það upp með litum og hillum."

Flísarnar vekja jafnan mikla athygli „Eldhúsinnréttingin var komin upp áður en flísarnar voru lagðar en þegar þær voru komnar á sinn stað þá kom rétti heildarsvipurinn yfir eldhúsið. Þær voru punkturinn yfir i-ið," segir Ingunn.



Í eldhúsinu er skipulagið og vinnuaðstaðan eins og best verður á kosið. MYND/SIGTRYGGUR ARI



„Okkur fannst mikilvægt að þurfa sem minnst að þrífa eldhúsið."



Eldhúsið fyrir breytingar.

„Ég vildi ekki hafa eldhúsið alveg hvítt heldur poppa það upp með litum og hillum.



Eftir að eldhúsið var opnað fram á gang er það svo sannarlega hjarta íbúðarinnar. MYND/ÚR EINKASAFNI



Vogin fékkst í verslun Þorsteins Bergmanns og var hún eitt það fyrsta sem Ingunn keypti í búið. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Þessu fallega útvarpi var bjargað frá glatkistunni fyrir 40 árum og það stendur enn fyrir sínu. MYND/SIGTRYGGUR ARI

NÝJAR VÖRUR Á ÍSLANDI



Slimmix® FatBurner
inniheldur náttúrulegt sítrusávaxtaseyði og hentar mjög vel til þyngdarstjórnunar því það örvar vatnsrof í fituvef líkamans og stuðlar þannig að fitubrennslu.
WWW.BIRKIASKA.IS
BIRKIASKA



Slimmix® SuperDetox
styrkir efnaskipti líkamans, styður við þyngdarstjórnun, eflir vellíðan og lífsþrótt. Inniheldur eingöngu náttúruleg efni.
WWW.BIRKIASKA.IS
BIRKIASKA



Vitatabs® K2 + D3 vítamín
Stuðla að heilbrigði beina líkamans með bindingu kalsíns og hamla myndun kalks í æðum. K2-vítamínið gegnir auk þess lykilhlutverki fyrir heilbrigði hjarta- og æðakerfisins.
WWW.BIRKIASKA.IS
BIRKIASKA

Sjá sölustaði á
birkiaska.is
BIRKIASKA

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |


ÚLFARSFELL
1000
Fjölskylduhátíð 21. júní kl. 18
**Göngustjórar:** Reynir Traustason og John Snorri Sigurjónsson.
Brottför kl. 18 frá skógræktinni í Mosfellsbæ og bílastæði í Úlfarsárdal.
Jakob Frímann Magnússon stjórnar stuði á palli.
Stuðmenn, Emmsjé Gauti, Hörður Torfason. Skrefin, kór Ferðafélags Íslands.
Haukur Hjaltason stjórnar æfingarprógramminu Hauknum.
*Styrktaraðilar: Vodafone, Arion banki, Ikea og Fjallakofinn.*
FÍ
FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is

# Sumarheit rabarbara upplifun

**Nú stendur rabarbari í fögrum blóma og er sannkölluð búbót fyrir þá sem kunna að nýta hann í sælkeraeldhúsið heima. Sterkt rabarbara-chutney gefur nýja matarupplifun.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Rabarbari er oftast sultaður, saftaður eða notaður í grauta, enda heimilisleg afurð úr náttúrunni sem flestum þykir ómissandi sem bragðgóð sulta ofan á pönnukökur og vöfflur sumarsins, sem frískandi og ljúffeng saft á heitum sumardögum, eða sem súrsætur grautur með rjóma í sumarlegum eftirrétti.

Uppskeran er gjarnan gróskumikil og mörgum þykir vont að nýta hana ekki til fulls. Því er hér stungið upp á nýstárlegri aðferð við að nýta rabarbarann enn betur og sjóða niður dýrindis rabarbara-chutney sem gleður munn og maga flestra við matarborðið. Það er auðvelt og fljótlegt í vinnslu og á meðan mallar í pottinum berst lokkandi angan um heimilið.

Rabarbara-chutney er gómsætt ofan á hamborgara, með ostum og kexi, á samlokur í lautarferðirnar, það er undurgott með grillkjöti og kjúklingi, sem og hrísgrjónum, baunaréttum og jafnvel pönnukökum. Það er líka frábær gestagjöf til að taka með sér í boðið eða færa góðum gestum í kveðjugjöf.

Njótið vel og finnið nýtt og undursamlega gott bragð af rabarbaranum.




Leiðin að hjarta mannsins liggur í gegnum magann, segir máltækið. Því er ekki úr vegi að gefa með sér snotra krukku af heimalöguðu rabarbara-chutney sem hittir þiggjandann í hjartastað og kætir bragðlaukana í leiðinni.

» Til að gera maukið enn sterkara er ráð að bæta við chili-flögum, meiri cayenne-pipar eða enn fleiri jalapeño-belgjum.



Kryddað rabarbara-chutney rífur skemmtilega í með hamborgaranum.

## Sterkt rabarbara-chutney

Fyrst fer þetta í pottinn:

**2 bollar púðursykur**
**1 ½ bolli eplaedik**
**1 tsk. engifer**
**1 tsk. salt**
**1 tsk. allrahanda**
**1 ½ tsk. kanill**
**½ tsk. negull**
**½ tsk. svartur pipar**
**1 tsk. cayenne-pipar**

Síðan fer þetta í pottinn:

**6 bollar rabarbari, skorinn í litla bita**
**3 litlir jalapeño-belgir, saxaðir með fræjum**
**2 tsk. engiferrót, rifin niður**
**3 tsk. hvítlaukur, saxaður niður**
**1 bolli laukur, saxaður**
**1 bolli gylltar rúsínur**



Aðferð: Setjið hráefnið í fyrsta hlutanum í pott og látið suðu koma upp til að leysa upp sykurinn. Bætið því næst við hráefnum í seinni hluta uppskriftarinnar og látið suðuna koma aftur upp. Lækkið þá hitann og látið malla í einn til hálfan annan tíma eða þar til maukið er orðið þykkt. Hrærið oft í á meðan. Ausið nú maukinu í hreinar heitar krukkur, skiljið eftir rúman sentimetra upp að loki og látið standa í sjóðandi vatnsbaði í tíu mínútur.

Hægt er að setja einum til tveimur jalapeño-belgjum fleiri í uppskriftina ef maukið á að verða sterkara, eða þá chili-flögur eða meiri cayenne-pipar.



# Veiðiblaðið

MIÐVIKUDAGUR 20. JÚNÍ 2018

Kynningar: Veiðiflugur



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, nýkjörinn borgarfulltrúi og formaður borgarráðs, hefur verið veiðikló frá blautu barnsbeini og sýnir hér stolt lax sem hún landaði í Norðurá. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Með veiðidellu frá barnæsku

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, nýkjörinn formaður Borgarráðs, er með ólæknandi veiðidellu að eigin sögn sem nær allt aftur til bernskuáranna. Hún hlakkar mikið til veiðisumarsins og verður viðstödd þegar Reykvíkingur ársins opnar Elliðaárnar í dag. →2

Framhald af forsíðu

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Þó að ég sé uppalin í Breiðholtinu þá er ég ættuð úr Suður-Þingeyjarsýslu þar sem fjölskyldan á jörð og partur af þeirri jörð er vatn sem heitir Másvatn,“ segir Þórdís Lóa um upphaf veiðidellunnar sem hún hefur verið haldin frá því hún var barn. „Og frá því ég er krakki er ég úti á bát öll sumur að veiða, bæði í net og á spún og svo leggjum við líka net undir ís svo eitthvað sé nefnt. Þetta þróast út í veiðidellu og ég hef verið með hana síðan og núna veiði ég í rauninni allt.“ Minnisstæðasti fiskurinn sem fjölskyldan hefur veitt kom einmitt úr Másvatni. „Foreldrar mínir náðu einu sinni alveg svakalega stórum silungi úr vatninu. Hann var svo stór að hann var langt fyrir utan möskvastærðina en hékk á kjaftinum í netinu. Þetta var þvílíkt flykki, mjög stór og þéttur og við létum stoppa hann upp. Nú er hann uppi á vegg til marks um að það sé nóg fæða í Másvatni, bæði fyrir menn og dýr.“

Þórdís Lóa stundar bæði skotveiði og fiskveiði og hefur veitt í ýmsum ám. „Ég fór smám saman að veiða í öðrum ám, byrjaði á Litluá í Kelduhverfi, prófaði að veiða fyrir sunnan og í dag fer ég í tvær til þrjár veiðiferðir á sumri í silung og lax auk þess að þegar ég er fyrir norðan, sem er í svona mánuð á hverju sumri, er ég í útgerð á hverjum einasta degi, veiði bæði í net og á flugu.“ Hún segist þó ekki hafa farið í dýrustu árnar. „Ég er bara venjulegur veiðimaður en hef farið mikið í silunginn í Laxá. Ég fer einu sinni á ári í Norðurá en annars er ég í sjóbirtingi og silungi og ódýrari laxveiðiám. Uppáhaldið mitt er fluguveiði og uppáhaldsáin er Laxá fyrir norðan því öll svæðin í henni eru svo ólík.“

Hún segir að netaveiðin sé mikið sport auk þess sem framleiðslan verður sjálfkrafa meiri. „Ég er mikið fyrir að búa til mat og nýta það sem ég veiði. Ég er í slow food og er búin að finna ýmsar aðferðir til að nýta silunginn, við reykjum hann, bæði heitreykjum og kaldreykjum og gröfum líka en erum með sérstaka uppskrift sem er fjölskylduleyndarmál náttúrlega,“ segir Þórdís Lóa og kímir. „Það veltur svo á sumrinu hversu mikið ég get verið fyrir norðan og þar af leiðandi hversu mikið ég framleiði og veiði af silungi.“ Hún reynir að nýta silunginn strax. „Silungurinn er þannig að mínu mati að hann geymist ekkert of vel ferskur í frysti



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs, hlakkaði til að vera við opnun Elliðaánna í morgun. MYND/ERNIR



Þórdís Lóa nýtir fiskinn sem hún veiðir vel og bæði grefur, heitreykir og kaldreykir. Hér er hún í Langá. MYND/ÚR EINKASAFNI

> **Mér finnst mjög gaman að vesenast í þessu og þegar ég er á leiðinni í veiði er ég vikuna á undan að dunda við að fara yfir græjurnar og gera mig klára.**

þannig að ég reyni yfirleitt að klára hann fyrir jól. Og svo veiði ég gegnum ís á veturna svo þá fáum við ferskan fisk aftur. Það er svo ágætt að taka sér smá frí frá silungi, þá er hann enn þá betri næst.“

Þegar veiði er stunduð af slíkri einurð hlýtur að vera mikið lagt í græjurnar og Þórdís Lóa viðurkennir að vera mikil græjukona. „Ég á tvær uppáhaldsstangir, eina Reddington sexu sem er mjúk og æðisleg og svo á ég eina langa áttu frá Sage sem er algjört æði. Þarna er ég búin að finna stangir sem henta mér, bæði hvað varðar mýkt og styrk og er rosalega ánægð með þær. Svo er ég með stóra tösku og á til að mynda fimmtán flugubox. Mér finnst mjög gaman að dunda í þessu og þegar ég er á leiðinni í veiði er ég vikuna á undan að dunda við að fara yfir græjurnar og gera mig klára.“ Hún segist ekki enn vera byrjuð gera sínar eigin flugur. „Ég ætla að spara mér það, byrja á því seinna og hella mér út í það þá. Ég á nokkra veiðifélaga sem eru algjörir snillingar í því að hnýta flugur og ég fæ hjá þeim.“

Hvað varðar veiðifatnað segist hún hins vegar ekki velta sér of mikið upp úr því að vera í merkjavöru. „Ég á ýmsar tegundir af fötum og finnst gaman að reyna að vera smá retró. Uppáhaldsveiðiskyrtan mín er úr Vinnufatabúðinni og svo veiði ég svolítið í lopapeysu,“ segir hún.

Veiðiferðir sumarsins eru nokkuð skipulagðar og þegar þetta er skrifað bíður Þórdís Lóa eins veiðiviðburðar með sérstakri tilhlökkun. „ Nú er ég svo heppin að vera nýr formaður borgarráðs og þá fæ ég að taka þátt í því að sjá Reykvíking ársins opna Elliðaárnar. Ég hef veitt í ánni en hef aldrei verið viðstödd þegar hún er opnuð. Ég geri ráð fyrir að ég fái kannski að dýfa ofan í.“ Elliðaárnar voru einmitt opnaðar í morgun svo hver veit nema Þórdís Lóa hafi landað einum fiski á meðan þú last þetta?






Þórdís Lóa hefur jafngaman af stangveiði og netaveiði enda haldin ólæknandi veiðidellu að eigin sögn. Hér stendur hún í Laxá í Kjós. MYND/ÚR EINKASAFNI

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: frettabladid.is

# Íslensk hönnun í fyrsta sæti

**Verslunin Veiðiflugur er eina sérhæfða fluguveiðiverslun landsins. Þar er höfuðáhersla lögð á gæði og gott úrval og fyrir sumarið hefur vöruframboðið verið aukið mikið. Þar ber helst að nefna íslenskar flugur, hannaðar af íslenskum veiðimönnum, sem hafa vakið mikla athygli.**

Sumarið er tíminn þegar fluguveiðimenn fara á stjá. Opnað hefur verið fyrir veiði í hverri ánni á fætur annarri að undanförnu og virðist sem veiði fari víðast hvar vel af stað. Til þess að landa þeim stóra þarf að mæta vel búinn á bakkann og þar kemur verslunin Veiðiflugur sterk inn. Friðjón Mar Sveinbjörnsson, eigandi Veiðiflugna, segir að fleiri fluguveiðimenn vilji nota íslenskar flugur og því hafi vöruframboðið af íslensku handverki verið stórbætt. „Okkur hefur fundist íslenskt handverk hafa orðið undir í samkeppninni á undanförnum árum enda mikið flutt inn af ódýrum flugum. En þetta er að breytast og til þess að aðstoða við að snúa við þeirri þróun fengum við nokkra íslenska hnýtara til liðs við okkur.“

Friðjón segir að hugmyndin sé sú að gera íslenskum fluguhnýturum hátt undir höfði og styðja þannig við íslenska hönnun. „Um leið svörum við kalli viðskiptavina um fjölbreytt vöruúrval og erum komin á þann stað núna að geta boðið upp á nánast allar þær flugur sem veiðimenn kjósa.“

> Okkur hefur fundist íslenskt handverk hafa orðið undir í samkeppninni á undanförnum árum enda mikið flutt inn af ódýrum flugum. En þetta er að breytast.

### Haugur, Hrappur og Friggi

Meðal þeirra flugna sem í boði eru má nefna Haug, Von og Skugga eftir Sigurð Héðin Harðarson og eru þær til í öllum stærðum og gerðum. Þá bjóða Veiðiflugur upp á nýju Hexagon-kónana sem eru litlar Frances-túpur með níðþungum tungstenhaus. „Hexagon-Frances verður án efa vinsælasta flugan í sumar ef marka má viðtökur veiðimanna og laxa,“ segir Friðjón.




Jafnframt verður veiðimönnum boðið upp á flugurnar hans Nils Folmer, þ. á m. Ernu, Autumn Hooker, Radian og Laxa ásamt fjölmörgum öðrum sem enn eru ónefndar. Flugurnar Valbeinn, Hrappur, Móa og Móri eftir Þorbjörn Helga (Reiðu öndina) þykja magnaðar og þær verða að sjálfsögðu í fluguborðinu. Þá eru Friggarnir frá Baldri Hermannssyni til í öllum útfærslum, þ.e. micro, tommu og hálftommu. Að auki verða í boði ein- og tvíkrækjur frá Pétri Steingrímssyni, s.s. Hekla, Metallica, Bill Young, Black Beam, Doctor Wende og Green Conrad.

„Við gleymum heldur ekki silungsveiðimönnum því í sumar bjóðum við allar helstu þingvallaflugurnar frá Pjetri Maack. Eins er mikið úrval af tungsten-púpum í andstreymisveiðina, bæði eftir erlenda og innlenda hnýtara, en þar ber helst að nefna Sigurberg Guðbrandsson.“

Friðjón segir að þetta sé samt aðeins brot af þeim nýjungum sem Veiðiflugur muni bjóða upp á í sumar. „Við verðum að sjálfsögðu með ýmis leynivopn sem hafa aðeins verið í boxum fárra, Stuðpinnana sem er samheiti örgrannra Sunray-a, og þá er ein vinsælasta fluga síðasta sumars, Zeldan, eftir Kjartan Antonsson, á sínum stað.“




**Það er mikið úrval af frábærum flugum í versluninni Veiðiflugum við Langholtsveg auk annarra veiðivara.**



**Veiðiflugurnar í versluninni eru af margvíslegum stærðum og gerðum, íslenskar og erlendar.**

Opið er í Veiðiflugum frá 09.00-18.00 alla virka daga og frá 10.00-16.00 á laugardögum. Þá er alltaf opið á www.veidiflugur.is.



# Fluguveiði til heilsubótar

„Kastað til bata“ er verkefni á vegum Krabbameinsfélagsins og Brjóstaheilla þar sem konum sem lokið hafa meðferð við brjóstakrabbameini er boðið í stangveiði. Í ár var veitt í Varmá.



Auður segir margar kvennanna aldrei hafa veitt áður.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Átta ár eru frá því að verkefninu „Kastað til bata“ var hrundið af stað hér á landi. Auður Elísabet Jóhannesdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Krabbameinsfélagi Íslands, hefur haft umsjón með verkefninu síðan 2014 en það kemur upphaflega frá Bandaríkjunum undir nafninu „Casting for recovery“.






Mikil og góð stemning myndast í hópnum hverju sinni.

Verkefnið „Kastað til bata“ er hugsað sem endurhæfing fyrir konur sem hafa lokið meðferð við brjóstakrabbameini. Markmiðið með því er að veita konum tækifæri til að styrkja sig á líkama og sál með því að æfa fluguköst í fögru umhverfi, njóta samvista við veiðifélaga með svipaða reynslu að baki og veiða fisk ef heppnin er með.

„Þegar starfsfólk Krabbameinsfélagsins heyrði fyrst af þessu verkefni kveikti það strax áhuga þess, enda er Ísland kjörið land fyrir stangveiði sér til heilsubótar. Við erum fyrsta og eina Norðurlandaþjóðin sem tekur þátt í „Kastað til bata“ en auk Bandaríkjanna fer það fram í Ástralíu, Englandi, Kanada og Nýja-Sjálandi. Með því að kasta flugu á stöng æfa konur sérstaklega brjóstvöðvana,“ segir Auður.

### Ævintýraferð út í óvissuna

Krabbameinsfélagið og Brjóstaheill hafa notið stuðnings Stangveiðifélags Reykjavíkur og Veiðihornsins og segir Auður að án þess væri ekki hægt að láta verkefnið verða að veruleika.

„Við höfum fengið flottar ár og veiðihús til umráða og notið leiðsagnar reyndra veiðimanna. Það myndast ætíð skemmtileg stemning í hópnum en þetta er í raun bæði líkamleg og andleg endurhæfingarferð. Það skiptir konur gríðarlegu máli að hitta aðrar sem hafa gengið í gegnum sömu reynslu og þær sjálfar. Ég byrja að undirbúa ferðina strax fyrir jólin og hún er auglýst í febrúarlok ár hvert. Fjórtán konur komast í hópinn hverju sinni og veiðiferðin tekur tvo daga. Við förum yfirleitt í maílok eða júníbyrjun. Í ár var farið í Varmá í Hveragerði í byrjun júní,“ greinir Auður frá og að þessu sinni veiddust nokkrir fiskar. „Það vakti mikla lukku,“ segir hún brosandi og bætir við að margar kvennanna hafi aldrei veitt á flugu áður. „Þær vita í raun ekkert út í hvað þær eru að fara en flestum finnst þetta vera þvílíkt ævintýri.“

### Veitt á bleikar stangir

Sage er styrktaraðili verkefnisins í Bandaríkjunum og hefur fyrirtækið látið framleiða sérstakar veiðistangir í bleikum lit því til styrktar. „Stöngin, veiðihjólið og girnið kemur allt í bleikum lit. Við hjá Krabbameinsfélaginu sáum þær stangir og vorum spennt fyrir að fá þær líka. Sage sendi því fólk á sínum vegum hingað til lands og gaf okkur veiðistöng fyrir verkefnið. Núna á félagið fjórar slíkar stangir en við fáum þrjátíu þúsund krónur fyrir hverja bleika Sage fluguveiðistöng sem selst í Veiðihorninu.“ Auður er að eigin sögn ekki mikil veiðikona en henni finnst dásamlegt að fara í þessar veiðiferðir. „Það er eitthvað róandi við að standa við árbakkann og heyra árniðinn. Ég skil vel að fólk fái dellu fyrir stangveiði,“ segir hún glaðlega.




WYCHWOOD SOURCE
**PAKKATILBOÐ**
**KR 24.950,-**

GUIDELINE ALTA
**PAKKATILBOÐ**
**KR 83.500,-**

GUIDELINE LAXÁ
**PAKKATILBOÐ**
**KR 46.950,-**

# GLÆSILEGIR VÖÐLUPAKKAR

Vöðlurnar frá Guideline og Wychwood eru traustar, þægilegar og slitsterkar. Ótrúlega léttar og stútfullar af allskyns eiginleikum svo stundir þínar á bakkanum verði sem ánægjulegastar. Mikil og góð vatnsheldni og öndun.
**- henta vel við allar íslenskar aðstæður.**




**DriftXL** var valin í öðru sæti sem besta fluguveiðistöngin á eftir SAGE SALT HD á EFTTEX vörusýningunni árið 2017

VERÐ FRÁ
**KR 26.990,-**

Allir sem versla sér Drift eða DriftXL stöng eiga þess kost að fá sér hjól frá Alfa á **20% afslætti!**

## FLUGUBARINN

er stútfullur af ljúffengum flugum fyrir alla veiði

VERÐ FRÁ 200 KR STK!

## VEIÐITÖSKUR Í ÚRVALI

Mikið úrval af veiðitöskum, bakpokum, sling bags, mittistöskum, og græjugeymslum!

BOATMAN
**KR 17.890,-**

Korkers



ÚTSKIPTANLEGIR BOTNAR

## UPPFÆRÐU PAKKANN MEÐ KORKERS

**15% afsláttur** af Korkers vöðluskóm ef þú uppfærir og breytir vöðlupakkanum með Korkers.

ÞETTA ER FYRIR ÞÁ SEM VILJA ÞAÐ ALLRA BESTA

VÖNDUÐU FLUGUVEIÐIVÖRURNAR - MÖGULEGA BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM

GUIDELINE It's all about the experience · FULLINGMILL · Wychwood · Korkers · UMPQUA · ALFA

HLÍÐASMÁRI 13
201 KÓPAVOGUR
SÍMAR: 833 6440 / 833 6441
Opið virka daga frá 16:00 til 20:00
Laugardaga opið frá 11:00 til 16:00

info@flugubullan.is
http://www.flugubullan.is
facebook.com/flugubullan/

FLUGU Búllan

# Veiðin veitir lífsgleði

**Jón Gunnar Benjamínsson rekur ferðaskrifstofuna Iceland Unlimited sem býður upp á aðgengilegar ferðir um Ísland fyrir alla. Jón Gunnar ferðast um land allt á fjórhjóli og notar það í veiði.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Jón Gunnar Benjamínsson ólst upp á bökkum Eyjafjarðarár og steig fyrstu sporin í veiðiskapnum í áveituskurðum sem liggja á landareign foreldra hans og út í Eyjafjarðará. „Eftir því sem maður eltist urðu ferðirnar nær og nær ánni uns við fórum að veiða þar. Við veiddum bæði bleikju og urriða,“ segir hann.

Jón Gunnar lenti í alvarlegu bílslysi árið 2007 sem leiddi til mænuskaða. Hann er lamaður fyrir neðan mitti en lætur það ekki stöðva sig frá veiði- eða fjallaferðum. Auk þess hefur hann ferðast um allan heim, nú síðast fylgdist hann með íslenska landsliðinu leika gegn Argentínu í Moskvu. „Hann segist ekki láta lömunina stöðva sig en bætir við að það hafi verið ómæld gleði þegar hann sá möguleika að nota fjórhjól til veiðiferða. „Þegar ég uppgötvaði þennan möguleika þurfti ég ekkert að hugsa um hann frekar. Það hefur reynst mér frekar einfalt að ferðast á hjólinu og ég læt þetta ganga. Ég einbeiti mér að þeim svæðum þar sem tiltölulega auðvelt er að fara um og engin spjöll verða á viðkvæmri náttúru,“ upplýsir hann.

Hann segir að Blanda og Hítará séu í miklu uppáhaldi þótt þær séu ólíkar. „Þetta eru skemmtilegar ár. „Ég veiði meira í ám en vötnum en hef aðeins veitt stórurriða í Þingvallavatni undanfarið og líkað mjög vel. Ég nota flugu og mín eftirlætisfluga er Pheasant Tail enda yfirburðapúpa.“

Þegar Jón Gunnar er spurður um bestu veiðiferðina, svarar hann að þær séu orðnar margar. „Mér finnst erfitt að velja úr en ætli ég segi ekki bara síðasta veiðiferðin í hvert skipti enda er hún ferskust í minninu. Ég sleppi fiskinum í 90% tilvika en tek einn og einn því fiskurinn er svo góður. Nokkrir lenda því á pönnunni,“ segir hann.



Jón Gunnar með einn stóran. Hann fer allra sinna ferða á fjórhjóli og þekkir nokkrar ár sem henta vel fyrir hann.

> Áhugamálin gefa manni svo margt, félagsskap, útivist, hreyfingu og lífsgleði. Það er ómetanlegt. Veiðin endurnærir sálina og núllstillir mann.

Jón Gunnar hvetur fólk í sambærilegri stöðu til að sinna áhugamálum sínum. „Áhugamálin gefa manni svo margt, félagsskap, útivist, hreyfingu og lífsgleði. Það er ómetanlegt. Veiðin endurnærir sálina og núllstillir mann. Ég hef alltaf verið mikill sportáhugamaður.“

Jón Gunnar rekur ferðaskrifstofuna Iceland Unlimited. Hann sérhæfir sig ekki í veiðiferðum en segist senda slíkar fyrirspurnir á vini sína sem eru í þeim bransa þegar þær berast. „Við höfum engu að síður nestað okkar viðskiptavini með veiðistöngum og Veiðikortinu ef þeir óska eftir ódýrum möguleika til að renna fyrir fisk. Það hefur mælst vel fyrir.“



# VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 9–16 Sunnud. kl 10-14

## Pro marine 360 cm og 420 cm

Traustir bátar sem eru bæði fyrir sjó og vötn. Koma í töskum og passa í skottið á meðal fjölskyldubílnum.

Nánar um bátana á veidiportid.is



360 cm - 229.000 kr.
420 cm - 289.000 kr.

## Bellybátur frá keeper, taska, sundfit, og pumpa



Frábært verð 24.900 kr.

## Flugustangar sett frá Jaxon og Vision

Margar línustærðir í boði.
Verð frá 19.900 Kr.



## Útdraganlegar kaststangir fyrir vatnaveiðina með hjóli og línu



Verð frá 5.900 Kr.

## Gömlu góðu bússurnar fást hjá okkur

Verð frá 8.900 Kr.



veidiportid.is

## Gott úrval af vöðlujökkum frá Vision og Keeper

Verð frá 13.900 kr



## Flott úrval af veiðivestum

Verð frá 5.900 kr



## Barnavöðlur

Líklega mest seldu vöðlurnar á Íslandi
St. 21-41 - 7.900 kr - 8.900 kr
Bleikar, grænar eða bláar



## Níðsterkar PVC vöðlur sem virka í hvað sem er.

Besta verðið 10.900 kr



Opið á sunnudögum 10-14 í allt sumar

## Keeper vöðluskór.

Níðsterkir og léttir vöðluskór á frábæru verði.

Verð 11.900 kr



## Vision Loikka.

Líklega endingarbestu vöðluskórnir á markaðnum. Gúmmísóli og tungsten nagglar. Ódrepandi skór.

Verð 28.900 kr



## 6 metra langt fluguborð... ..pakkað af flugum





Veiðikortið gefur fjölskyldum tækifæri til að veiða saman.

## Veiðikortið er frábær kostur

Veiðikortið er frábær leið til að skjótast í ódýra veiði fyrir börn og fullorðna. Veiðikortið veitir aðgang að 34 vatnasvæðum vítt og breitt um landið og kostar 7.900 krónur. Með því fylgir glæsileg handbók þar sem finna má leiðbeiningar og reglur. Börn yngri er 14 ára fá að veiða frítt séu þau í fylgd korthafa. Veiðikortið er ákaflega sniðug gjöf þar sem það er ekki skráð á nafn. Notanda ber hins vegar að merkja það með kennitölu.

Þetta er fjórtánda starfsár Veiðikortsins en allt frá fyrsta degi hefur því verið vel tekið enda býður það upp á frábæra kosti í vatnaveiði. Veiðikortið hentar jafnt veiðimönnum sem fjölskyldufólki.

Hægt er að kaupa Veiðikortið 2018 á netinu, næstu N1-stöð, Olís-stöðvum, hjá Íslandspósti og í veiðivöruverslunum um land allt og víðar. Einnig er hægt að kaupa Veiðikortið niðurgreitt hjá mörgum stéttarfélögum.



Plastpokar með rennilás hafa bjargað mörgum snjallsímum.

## Símann í poka

Flestir vilja taka snjallsímann sinn með í veiði en það er alltaf viss hætta á að missa hann í ána eða vatnið eða lenda í slagviðri og þá er ekki að sökum að spyrja, síminn getur auðveldlega eyðilagst. Þess vegna er bráðnauðsynlegt að hafa með í farteskinu litla plastpoka sem auðvelt er að loka vel og vandlega, helst með svokölluðum plastrennilás. Þótt plastpokarnir séu ekki það besta fyrir umhverfið er einstaklega gott að hafa þá við höndina og stinga farsímanum ofan í einn slíkan áður en farið er út í á eða vatn og loka vel fyrir. Koma þarf símanum fyrir á góðum stað, helst ofan í vasa sem hægt er að loka og þá helst brjóstvasa þar sem hann er öruggur fyrir vatni og vindum.

# Frískandi og lostætur bleikjuforréttur á bakkanum

Það er viðeigandi að gæða sér á nýveiddri bleikju með lítilli fyrirhöfn en mikilli matargleði eftir góðan veiðidag.

### Bleikju ceviche

fyrir 4

**300 g bleikja**
**3 límónur**
**30 g rauðlaukur, fínt skorinn**
**30 g skalotlaukur, fínt skorinn**
**1 selleristilkur, finskorinn**
**1 gott knippi kóríander**
**3 hvítlauksgeirar, fínsaxaðir**
**1 msk. jalapeño, fínsaxað**
**Salt og pipar**

Aðferð: Roðflettið og beinhreinsið bleikjuna, skerið hana í grófa teninga, setjið í skál og kryddið með salti og pipar. Bætið við rauðlauk, skalotlauk, sellerí, hvítlauk og kóríander. Kreistið safa úr þremur límónum yfir og blandið öllu vel saman. Berið strax fram og njótið!
Heimild: fiskurimatinn.is



Bleikja er herramannsmatur og það er spennandi að matreiða hana á marga vísu.




# frettabladid.is fer með þér á HM!

**frettabladid.is mun færa landsmönnum fréttir daglega frá HM í Rússlandi.**

**Fréttir og beinar textalýsingar**

**Stemningin í máli og myndum**

**Viðtöl og margt fleira!**




**FRÉTTABLAÐIÐ.IS**

## Bílar & Farartæki

bilfang.is
S. 567 2000



**ÓDÝR 1790 ÞÚS !!!**
Dazia Dokker 06/2018 Nýr bíll, rennihurð báðum megin ! Aðeins nokkrir bílar í boði núna á 1790 + VSK !!! Syningarbíll á staðnum, tökum gamla vinnubílinn uppí !



**SÝNINGARBÍLL !**
Flottasti Discovery HSE Dynamic landsins, árg. 08/17 ek 12 þ.km sérvalið leður ofl, bíllinn er á staðnum (raðnr 153158) Vertu flottur í sumar, verð 12.7 mil !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

SUZUKI



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

STÓRA BÍLASALAN



**NÝR BÍLL**
SKODA Octavia 2.0L Dísel 4x4 Style. Árgerð 2018, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 4.790.000. Rnr.136951.



JEEP Wrangler Unlimited X. Árgerð 2009, ekinn 134 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.580.000. Rnr.150245.



**100% LÁN**
FORD Mustang. Árgerð 2007, ekinn 90 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 2.290.000. Rnr.159955.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

## Bílar til sölu



Suzuki Vitara árg. ‘06 ek. 171þús, leður, topplúga, dráttarb. nýjar legur og fl. Sk. ‘19 Verð 850þús S. 867 1889

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Kerrur

## Hjólhýsi



**HJÓLHÝSADRIF MOVER.**
Kronings mover Skoðið á kronings.com Verð frá kr.168 þús.Til á lager.Áhugasamir hafi samband við KB-Imports ehf. S:8634449

kriben@simnet.is



**HOBBY LANDHAUS HJÓLHÝSI 2018 STÓRSPARNAÐUR!**
Kauptu beint frá Þýskalandi við aðstoðum þig. Verðhugmyndir, grunnverð. 1 Evra kr. 122, Landhaus 770 CL kr.4.540.000.-,

Allar fyrirspurnir sendist á kriben@simnet.is s. 8634449 Ath. takmarkað magn.

## Bátar

VEIÐIPORTIÐ



Pro marine slöngubátar 360 cm - 229.000 kr 420cm - 289.000 kr Besta verðið í bænum ! Nánar um bátana á veidiportid.is Veiðiportið Grandagarði 3 101 Reykjavik 552-9940

## Varahlutir

VAKA
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA
Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

GEIRSVERK
Almenn Lóðavinna
S: 691 7515

Almenn garðvinna, sláttur, úðun og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**HELLULAGNIR**
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

HUMBAUR

**Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!**



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 121.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.



**Flatvagnar**
Ýmsar stærðir og gerðir.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð frá: 512.000 kr. án vsk., en með skráningu.

Topplausnir
Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is



Ný tækifæri, nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

HAGVANGUR



## Peugeot 206

Nýskráður 2/2000, ekinn 115.000 km., bensín, beinskiptur, skoðaður til 2019, **allt að 100% fjármögnun Visa/Euro/Pei**

**Verð kr. 190.000**



## Honda HR-V Comfort

Nýskráður 11/2016, ekinn 23.000 km, bensín, sjálfskiptur, er í verksmiðjuábyrgð, einn eigandi. Útborgun kr. 309.000 og kr. 58.500 á mán í 60 mán.

**Verð kr. 4.390.000**



## Honda CR-V Elegance

Nýskráður 5/2014, ekinn 80.000 km., bensín, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, heilsársdekk. Útborgun kr. 349.000 og kr. 67.700 á mán í 58 mán.

**Verð kr. 3.490.000**



## Honda CR-V Lifestyle

Nýskráður 6/2012, ekinn 85.000 km., bensín, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, einn eigandi. Útborgun kr. 560.000 og kr. 64.700 á mán í 60 mán.

**Verð kr. 2.790.000**

**Vegna mikillar sölu undanfarið vantar okkur allar gerðir bíla á söluskrá**

**Opnunartími**

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00

Lokað á laugardögum í sumar

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is


# Keypt & Selt

## Til sölu


STIGA®



**Stiga TwinClip 50 SB**

Lúxus sláttuvél með drifi
B&S 625E mótor
Tvískiptur sláttuhnífur, slær 2svar
70 lítra kassi, "notendavænn"
Frábær vél í flestan slátt

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

**LOK Á POTTA**



HEITIRPOTTAR.IS
HÖFÐABAKKA 1
SÍMI 777 2000

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



VEIÐIPORTIÐ



Niðsterkar PVC vöðlur í veiðina,fjósið eða bara þar sem vöðlur þurfa að vera sterkar St. 38-48 Besta verðið 10.900 kr Veidiportid Grandagardi 3 s.552-9940 veidiportid.is

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204


## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

jonogoskar.is s.552-4910

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

**GUIDE FJÓRHJÓLAFERÐIR.**

Óskum eftir að ráða guide í fjórhjólaferðir með ferðamenn staðsett í Reykjavík. Kunnátta á vélum kostur.

**Umsókn sendist á info@atvreykjavik.is**

BJÖRGUN

**VÉLSTJÓRI.**

Björgun ehf óska erftir vélstjóra til afleisinga, réttindi 1.vélstjóri á 2020 kw vél. Timabil ráðningar frá: 16.júli - 26.júli og 13.ágúst - 18.ágúst. Upplýsingar um starfið veitir johann@bjorgun.is eða í sima 8435640

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**


# VANTAR ÞIG STARFSFÓLK



**Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins**

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum stór og smá fyrirtæki.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | SÍMI 419 9000 info@handafl.is | handafl.is




## Drög að tillögu að matsáætlun allt að 6 MW virkjunar í Þverá í Vopnafirði

Hafið er mat á umhverfisáhrifum allt að 6 MW virkjunar í Þverá í Vopnafirði.
Þverárdalur ehf. er framkvæmdaraðili verksins en mat á umhverfisáhrifum er unnið af Mannviti hf.
Á vefsíðu Mannvits (www.mannvit.is) eru nú til kynningar drög að tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar.
Óskað er eftir athugasemdum og ábendingum almennings og er frestur til **15. júlí 2018.** Athugasemdir og ábendingar skulu sendar á netfangið haukur@mannvit.is

MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

TRAUSTI fasteignasala



**Kristján Baldursson**
hdl. löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040

**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

## Mosarimi 5 – 112 Reykjavík

**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAGINN 20. JÚNÍ KL. 17:30 – 18:00**




Rúmgóð og björt 4ra herbergja nýuppgerð 106,6 fm. íbúð með sérinngangi og sérbílastæði við Mosarima í Grafarvogi.
Skipt hefur verið um eldhúsinnréttingu, eldhústæki, skápa, innihurðir, gluggakistur og gólfefni. Baðherbergi hefur verið endurnýjað að hluta. Þvottahús og geymsla eru innan íbúðar. Eignin er laus við kaupsamning. **Verð: 46,9 millj.**

## Norðurás 18 – 301 Akranes

**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAGINN 20. JÚNÍ KL. 19:00 - 20:00**




Glæsilegur og vandaður sumarbústaður ásamt frístandandi gestahúsi á 7.300 fm. gróinni leigulóð við Norðurás í Hvalfjarðarsveit. Lóðin er efst á svæðinu og er því einstaklega gott útsýni frá húsinu. Lítill umgangur er við bústaðinn. Eingöngu 45 mínútna akstur frá Reykjavík. Heitur pottur á palli og útisturta. Rúmgott svefnloft. Lokað svæði með rafmagnshliði (símahlið).
**Verð: 32,9 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



## Drög að tillögu að matsáætlun. Stækkun golfvallar að Jaðri.

**Akureyrarbær undirbýr nú mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar Jaðarsvallar á Akureyri. Mat á umhverfisáhrifum er unnið samkvæmt lögum nr. 106/2000 og reglugerð nr. 660/2015, en framkvæmdin er matsskyld samkvæmt tölulið 2.01 í 1. viðauka laganna.**

Mati á umhverfisáhrifum er ætlað að kanna nánar umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.
EFLA verkfræðistofa vinnur að mati á umhverfisáhrifum. Drög að tillögu að matsáætlun hafa nú verið lögð fram til kynningar og eru gögnin aðgengileg á heimasíðu EFLU, www.efla.is. Frestur til athugasemda er frá 20. júní til 4. júlí 2018.

Allir hafa rétt til að kynna sér drögin að tillögu að matsáætlun og leggja fram athugasemdir. Að auglýsingatíma loknum verða drögin ásamt þeim athugasemdum sem berast, send Skipulagsstofnun til umfjöllunar.

**Hægt er að koma ábendingum eða athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun til Friðriks Klingbeil Gunnarssonar hjá EFLU verkfræðistofu eigi síðar en 4. júlí 2018. Athugasemdir er hægt að senda með tölvupósti á netfangið fridrik.gunnarsson@efla.is eða skriflega á skrifstofu EFLU að Höfðabakka 9, 110 Reykjavík merkt „Landmótun og stækkun Jaðarsvallar".**

Akureyrarbær EFLA

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



rann út í sandinn lagði Gestur Jónsson, lögmaður Gamla Byrs, fram greinargerð Byrs í skaðabótamálinu og krafðist þess að kröfu Íslandsbanka yrði vísað frá dómi, eins og áður sagði.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var áætlað að ríkið myndi fá – á grundvelli sáttatillögu Gamla Byrs – um þrjá milljarða króna í sinn hlut. Slík greiðsla hefði þá verið þríþætt: í formi stöðugleikaframlags, eins konar lausnargjalds til Íslandsbanka og útgreiðslu til bankans sem kröfuhafa í slitabúinu, en Íslandsbanki á um átta prósent krafna í Gamla Byr.

Í bréfi stjórnar Gamla Byrs er því jafnframt lýst yfir að vegna þess kostnaðar sem málarekstur Íslandsbanka hefur valdið kröfuhöfum íhugi félagið nú að krefja bankann skaðabóta.

Er það mat lögmannsins, að því er fram kemur í bréfinu, að lagaleg staða félagsins sé sterk en hins vegar ríki óvissa um hver niðurstaða matsmannanna verður. Það sé annars vegar vegna þess að „náið samband“ sé á milli matsmannanna og Íslandsbanka, en rætt er um „slagsíðu“ í því sambandi, og hins vegar vegna þess að bankinn hafi orðið uppvís að því að afhenda matsmönnunum rangar upplýsingar um tryggingar og greiðsluflæði þeirra lána sem þeim er ætlað að gefa álit á til þess að meta hið meinta fjártjón bankans.

Stjórn Gamla Byrs bendir þó á að félagið geti ávallt, að fengnu undirmati, krafist yfirmats. Gallinn sé hins vegar sá að málareksturinn myndi þá tefjast enn frekar, kröfuhöfum til tjóns, en talið er að hann geti tekið alls tvö til þrjú ár til viðbótar.

Stjórnin leggur til að málarekstrinum verði haldið áfram með það að augnamiði að annaðhvort fá skaðabótakröfu bankans vísað frá dómi eða verjast henni með efnislegum hætti. Félagið eigi þó áfram að vera „opið fyrir hugmyndum“ um að ná sáttum á „skynsamlegum“ kjörum.

### Ríkið fær ekki sitt í bráð

Er jafnframt bent á í bréfinu að Byr geti ekki, á grundvelli fyrirliggjandi nauðasamnings og eins og kröfugerð bankans er háttað, greitt kröfuhöfum út þá fjármuni sem liggja inni í félaginu á meðan ágreiningurinn við bankann er enn óleystur.

Þá hefur Byr ekki getað innt af hendi stöðugleikaframlag sitt til íslenska ríkisins sem er áætlað að eigi að óbreyttu að verða rúmlega tveir milljarðar króna, líkt og upplýst var um í Markaðinum í apríl síðastliðnum.

Viðmælendur Markaðarins, sem þekkja vel til stöðu mála, segja það skjóta skökku við að banki í eigu ríkisins komi í veg fyrir að slitabú sem hafi klárað nauðasamninga geti lokið slitameðferð sinni, átta árum eftir að sparisjóðurinn var tekinn til slita, og greitt út til kröfuhafa. Er í því samhengi bent á að Gamli Byr sé eina slitabúið sem gekkst undir stöðugleikaskilyrði sem hefur enn ekki hafið útgreiðslu til kröfuhafa.

Þá sé ríkið auk þess að vinna óbeint gegn hagsmunum sjálfs sín með því að hindra að Byr geti greitt því stöðugleikaframlag.

### Matsmennirnir víki sæti

Lögmaður Byrs hefur enn fremur krafist þess að dómkvöddu matsmennirnir tveir víki sæti. Sú krafa er fyrst og fremst byggð á þeim þóknunum sem Íslandsbanki hefur greitt matsmönnunum, en þær nema samtals yfir eitt hundrað milljónum króna, og til viðbótar á því nána sambandi sem Byr telur að sé á milli matsmannanna og bankans.

Tekið er fram að annar matsmaðurinn dvelji á Möltu, þar sem hann starfi fyrir alþjóðlegt stórfyrirtæki, en hinn sé hér á landi, sinni matsvinnunni meðfram öðrum störfum og nýti sér aðstöðu sem Íslandsbanki útvegar. Spurningar hafi vaknað um hvort matsmennirnir geti varið tíma sínum og kröftum í svo flókið og margslungið verkefni.

Byr bendir einnig á að þóknanagreiðslurnar séu „afar óvenjulegar“ og auk þess séu „réttmætar áhyggjur“ af því að miklar tafir á vinnu matsgerðarinnar og „óhóflegar“ greiðslur muni auka hættuna á því að bankinn hafi áhrif á hlutleysi matsmannanna.

Í ljósi þess hve flókið málið er telur Gamli Byr að hætta sé á því að niðurstaða matsmannanna geti haft áhrif á dómara málsins. Af þeim sökum vilji félagið einblína á að draga réttmæti matsgerðarinnar í efa, bæði með því að benda á slagsíðu matsmannanna og efnisatriði matsins.

Í því sambandi bendir stjórn Byrs á að matsgerðin muni koma að mjög takmörkuðum notum sem sönnunargagn í skaðabótamálinu. Spurningar Íslandsbanka, matsbeiðandans, séu í fyrsta lagi stórgallaðar, í öðru lagi sé hætta á því að matsmennirnir séu ekki hlutlausir í störfum sínum og í þriðja lagi sé matsgerðinni ekki ætlað að meta raunverulegt tap Íslandsbanka af þeim lánum sem fylgdu með í kaupunum við yfirtöku bankans á Byr.

### Forviða kröfuhafar

Kröfuhafar Byrs eru sagðir forviða á vinnubrögðum Íslandsbanka, að sögn þeirra sem þekkja vel til málsins. Austurrískir og þýskir bankar og sparisjóðir, sem eru upprunalegir lánveitendur sparisjóðsins, eiga um 60 prósent krafnanna, íslenskir lífeyrissjóðir um 22 prósent og þá á Íslandsbanki sjálfur um 8 prósent. Að auki gætir nokkurrar óánægju innan fjármálaráðuneytisins með framgöngu bankans.

Kröfuhafarnir eru sagðir lengst af hafa sýnt því skilning að bankinn eigi rétt á því að bera ágreining sinn undir dómstóla enda þótt þeir hafi undrast málatilbúnaðinn. Það eigi ekki síst við með hliðsjón af því að stór fjármálastofnun eins og Íslandsbanki, sem gerði eigin áreiðanleikakönnun við kaup á mun minna fjármálafyrirtæki, skuli krefjast skaðabóta með þeim rökum að virði útlánasafns, sem var yfirtekið skömmu eftir fordæmalaust fjármála- og efnahagshrun, hafi ekki verið í samræmi við væntingar.

Steininn hafi hins vegar tekið úr síðasta sumar þegar uppvíst varð um ranga upplýsingagjöf Íslandsbanka sem hefði getað leitt til þess að bankinn hefði auðgast með ólögmætum hætti á kostnað annarra kröfuhafa og hluthafa Gamla Byrs. Eins og greint var frá í ViðskiptaMogganum í mars síðastliðnum lagði bankinn fyrir matsmennina gögn sem gáfu til kynna að 993 lán sem hann tók yfir með kaupunum hefðu verið án trygginga. Í ljós hafi hins vegar komið að tryggingar lágu að baki nær öllum lánunum.




## Hækkuðu verulega í virði eftir yfirtöku Íslandsbanka á Byr

Virði nokkurra eignarhluta sem Íslandsbanki eignaðist við yfirtökuna á Byr haustið 2011 hefur aukist verulega á undanförnum árum, samkvæmt mati ráðgjafarfyrirtækisins Calco Consulting sem Markaðurinn hefur undir höndum. Gamli Byr telur að virðisaukning eignarhlutanna geti sennilega ein og sér réttlætt kaupverðið en bankinn greiddi alls um 6,6 milljarða króna fyrir allar eignir og skuldir Byrs.

Byr átti meðal annars 22 prósenta hlut í Borgun við yfirtöku Íslandsbanka sem var metinn á um 446 milljónir í lok júní 2011. Eigið fé – og þar með virði – kortafyrirtækisins hefur aukist verulega eftir að bankinn eignaðist hlutinn en samkvæmt útreikningum Calco hefur verðmæti 22 prósenta hlutarins skapað Íslandsbanka verðmæti sem liggja á bilinu 3,2 til 4,5 milljarðar króna. Miðað við 10 prósenta ávöxtun er umframvirði hlutarins á bilinu 2 til 3,7 milljarðar eða sem nemur allt að helmingi af meintu fjártjóni Íslandsbanka.

Sparisjóðurinn átti auk þess 7,2 prósenta hlut í öðru kortafyrirtæki, Valitor Holding, sem var metinn á 664 milljónir í lok júní 2011. Miðað við 10 prósenta raunávöxtun og margfaldarann 1,88 af bókfærðu virði er umframvirði eignarhlutarins nú um 1,1 milljarður.

**3,7**

**milljarðar króna er líklegt umframvirði 22 prósenta eignarhlutarins sem Íslandsbanki eignaðist við yfirtökuna á Byr**

Calco telur einnig að líklegt umframvirði Íslandsbanka vegna fasteignarinnar að Borgartúni 18, sem áður hýsti höfuðstöðvar Byrs, sé á bilinu 140 til 240 milljónir króna miðað við 10 prósenta ávöxtun. Bankinn eignaðist fasteignina við yfirtökuna á Byr en seldi hana Arion banka árið 2013.

Til viðbótar eignaðist Íslandsbanki að fullu Hring, móðurfélag Allianz á Íslandi, í kjölfar kaupanna á Byr. Í ársreikningi sparisjóðsins fyrir árið 2010 var mismunur á milli eigna og skulda Hrings um 405 milljónir sem var bókfært virði félagsins. Nú er hins vegar líklegt virði félagsins, samkvæmt mati Calco, nær 2,5 til 5 milljörðum króna en matið byggist meðal annars á arðgreiðslum félagsins til bankans sem námu að meðaltali um 105 milljónum króna á ári á árunum 2011 til 2016.


# Samgönguþing 2018

21. júní í Súlnasal Hótel Sögu

Samgönguáætlun 2019–2033



DAGSKRÁ

13:00 SETNING
Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Samgönguáætlun 2019-2033 – staða og helstu áherslur
Þórunn Egilsdóttir, formaður samgönguráðs

13:20 FRAMKVÆMDIR
Áskoranir, framkvæmdir og fjármögnun
Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Skattstofnar ökutækja og eldsneytis – framtíðaráskoranir
Benedikt S. Benediktsson, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneyti
*Umræður: Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA, og Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB*

14:20 Kaffihlé

14:40 ÞJÓNUSTA
Almenningssamgöngur – ávinningur af heildstæðri stefnu
Árni Freyr Stefánsson, verkfræðingur hjá Mannviti
*Umræður: Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar, Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV, og Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar*

15:20 ÖRYGGI
Umferðaröryggi og samfélagslegur kostnaður
Berglind Hallgrímsdóttir, umferðarverkfræðingur hjá Eflu
Ástandið í umferðinni og ávinningur af sýnilegu eftirliti
Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Selfossi
*Umræður: Sigríður Vala Halldórsdóttir, forstöðumaður hagdeildar hjá Sjóvá, og Haraldur Sigþórsson, verkfræðingur*

16:00 TÆKNI
Upplýsingatækni, iðnbylting og samgöngur: Hvaða möguleikar skapast í samgöngum með nýrri tækni 4. iðnbyltingarinnar
Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík
*Umræður: Lilja G. Karlsdóttir, framkvæmdastjóri Viaplan, og Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar*

16:30 Léttara hjal með Sóla Hólm, þinglok og léttar veitingar

**Þingstjóri:** Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri.
Þingið er öllum opið en þátttakendur eru beðnir að skrá sig með tölvupósti, netfang: kristin.hjalmarsdottir@srn.is

SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ






FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is

# Skotsilfur

## Dagný stjórnarformaður



**Dagný Hrönn Pétursdóttir**, sem starfaði um árabil sem framkvæmdastjóri Bláa lónsins, tók nýverið við starfi stjórnarformanns í verðbréfafyrirtækinu Íslenskum fjárfestum. Með henni í stjórn sitja lögmennirnir Ingunn Agnes Kro og Jóhannes Árnason en sú fyrrnefnda er sem kunnugt er framkvæmdastjóri skrifstofu- og samskiptasviðs Skeljungs. Fjármálaeftirlitið heimilaði nýverið eignarhaldsfélagi Hannesar Árdal, framkvæmdastjóra Íslenskra fjárfesta, að fara með yfir 50 prósenta virkan eignarhlut í félaginu. Auk hans starfa þeir Sigurður Hreiðar Jónsson og Tómas Karl Aðalsteinsson hjá félaginu sem sérhæfir sig í miðlun verðbréfa.

## Ekki léttvægar ásakanir



Óhætt er að segja að ummæli **Ágústs Ólafs Ágústssonar**, þingmanns Samfylkingarinnar, í umræðuþætti Íslandsbanka og Viðskiptaráðs Íslands í síðustu viku hafi vakið athygli. Ágúst Ólafur sagði það „hneyksli“ hve mörg samkeppnisbrotamál kæmu upp hér á landi og staðhæfði auk þess að „nánast öll þau fyrirtæki sem við þurfum að leita til hafa með einum eða öðrum hætti brotið samkeppnislög“. Þetta eru ekki léttvægar ásakanir af hálfu þingmannsins sem var um tíma efnahagsráðgjafi þáverandi forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, og bankaráðsmaður í Seðlabankanum. Ekki kæmi á óvart þótt fólk í atvinnulífinu hugsaði honum þegjandi þörfina.

## Bætir við sig í Kviku



Nokkrar hreyfingar hafa verið á hluthafahópi Kviku banka undanfarnar vikur. Þannig hefur **Sigurður Bollason** fjárfestir bætt við hlut sinn í fjárfestingarbankanum í gegnum félagið RES II og nemur hluturinn nú ríflega 9,5 prósentum. Á sama tíma hefur Guðmundur Steinar Jónsson, sem er gjarnan kenndur við útgerðarfélagið Sjólaskip, selt um 1,1 prósents hlut sinn í bankanum en eftir söluna á hann um 3,9 prósent.

# Enn eitt flugfélagið lýsir yfir áhuga á Norwegian




Hlutabréf í Norwegian Air hækkuðu um tíu prósent í verði eftir að forstjóri keppinautarins Lufthansa sagði að félag sitt hefði áhuga á því að kaupa norska flugfélagið. Forstjórinn, Carsten Spohr, sagði að fram undan væri hrina sameininga á evrópskum flugmarkaði. Allir væru að tala við alla. Nokkur flugfélög hafa lýst yfir áhuga á því að kaupa félagið en stjórn Norwegian hefur þegar hafnað tveimur yfirtökutilboðum IAG, eiganda British Airways. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fordæmalausar sektarheimildir



**María Kristjánsdóttir, lögmaður á LEX.**

Eitt af síðustu verkum Alþingis þann 13. júní 2018 áður en þingmenn héldu í sumarfrí var að samþykkja ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Frumvarpið var keyrt í gegnum Alþingi á miklum hraða á síðustu dögum þingsins, sem er sérstakt og í raun gagnrýnivert í ljósi þess um hversu veigamikið og flókið mál er að ræða. Með lögunum er ný persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins innleidd í íslensk lög, en reglugerðin felur í sér umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á þessu réttarsviði í tvo áratugi og markar því mikilvæg tímamót.

Ein veigamesta nýjungin eru stórauknar valdheimildir sem Persónuvernd eru fengnar í hendur í tengslum við viðurlög við brotum á ákvæðum laganna. Þau viðurlög sem kveðið er á um í nýju lögunum eru stjórnvaldssektir og refsingar, en að auki er heimilt að beita dagsektum í ákveðnum tilvikum. Helsta nýmæli laganna hvað þetta varðar er heimild til að leggja stjórnvaldssekt á þá sem brjóta gegn ákvæðum laganna, bæði einkaaðila og opinbera aðila. Sektarfjárhæðirnar sem mælt er fyrir um eru með því hæsta sem þekkist í íslenskum lögum, en sektarramminn er frá 100 þúsund krónum til 2,4 milljarða króna fyrir alvarlegustu brotin. Í þeim tilfellum sem fyrirtæki hefur gerst brotlegt við ákvæði laganna getur sektin numið 4% af árlegri heildarveltu á heimsvísu og því ekki útilokað að sektarfjárhæðin verði hærri en 2,4 milljarðar króna. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að afar ólíklegt verður að teljast að lögð verði sekt að fjárhæð 2,4 milljarðar króna á íslensk fyrirtæki. Sektarhámarkið tekur mið af því umhverfi sem persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins er sett í og að öllum líkindum aðeins stór alþjóðleg fyrirtæki með tugmilljarða króna í veltu sem munu sjá slíkar sektarfjárhæðir. Engu að síður er ljóst að sektir sem lagðar verða á íslensk fyrirtæki geta numið afar háum fjárhæðum og varða lögin því mikilvæga hagsmuni fyrirtækja.

Víða í íslenskum lögum er mælt fyrir um heimild til að leggja á stjórnvaldssektir. Algengt er að hámark sektarfjárhæðar á lögaðila sé á bilinu 10-50 milljónir króna. Fjármálaeftirlitið hefur þó heimild til að leggja stjórnvaldssekt allt að 800 milljónir króna á eftirlitsskylda lögaðila, þ. á m. fjármálafyrirtæki. Þá er enn-fremur rétt að nefna að samkeppnislög heimila Samkeppniseftirlitinu að leggja á sektir sem geta numið allt að 10% af heildarveltu fyrirtækja. Það er því ljóst að fjárhæð stjórnvaldssekta sem mælt er fyrir um í hinum nýju lögum um persónuvernd er langtum hærri en það sem áður hefur þekkst í íslensku lagaumhverfi.

Til þess að spá fyrir um beitingu stjórnvaldssekta samkvæmt nýjum lögum um persónuvernd er áhugavert að skoða framkvæmd á beitingu stjórnvaldssekta í samkeppnisrétti hingað til. Núgildandi samkeppnislög voru sett 2005 og sama ár var Samkeppniseftirlitið sett á stofn. Á rúmlega tíu ára tímabili frá miðju ári 2005 til fyrri hluta árs 2016 sektaði stofnunin 63 fyrirtæki fyrir brot gegn samkeppnislögum og nam samanlögð fjárhæð stjórnvaldssekta í umræddum málum rúmlega 8 milljörðum. Sektir Samkeppniseftirlitsins í einstökum málum hafa jafnframt numið hundruðum milljóna, allt að 650 milljónum króna. Framkvæmd og beiting stjórnvaldssekta á sviði samkeppnisréttar sýnir glögglega að eftirlitsstofnanir hér á landi veigra sér ekki við að beita þeim valdheimildum sem þær hafa. Það er engin ástæða til að ætla annað en að hið sama muni gilda um Persónuvernd. Á þessu ári hafa fjárheimildir til Persónuverndar verið auknar verulega í þeim tilgangi að styrkja starfsemi stofnunarinnar til að geta betur sinnt eftirlitshlutverki sínu samkvæmt nýjum lögum. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að fjárheimildir Persónuverndar muni enn aukast á næstu árum með tilheyrandi fjölgun starfsfólks.

Af framangreindu er ljóst að ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga fela í sér stórauknar valdheimildir Persónuverndar með heimild til að leggja á hæstu sektir sem um getur í íslensku lagaumhverfi. Ekkert bendir til annars en að heimild þessari verði beitt gagnvart brotlegum aðilum. Allir aðilar sem vinna með persónuupplýsingar einstaklinga hafa því gífurlega hagsmuni af því að starfsemi þeirra uppfylli ákvæði laganna. Lögin munu taka gildi 15. júlí næstkomandi og því ekki seinna vænna að taka meðferð persónuupplýsinga innan fyrirtækja til gaumgæfilegrar skoðunar út frá ákvæðum hinna nýju laga.

# Fullir vasar



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Aron Can sendi á dögunum frá sér frábæra hljómplötu, Trúpíter. Reikna má með að hún verði ein vinsælasta plata ársins en frá því hún kom út fyrir þremur vikum hefur lögum hennar verið streymt 1,5 milljónum sinnum á Spotify.

Þrátt fyrir vinsældir Arons er einungis hægt að nálgast plötuna stafrænt. Það er í sjálfu sér ekkert athugavert við það, tónlistarútgáfa hér á landi er að miklu leyti bundin við stafræna dreifingu en það merkilega er hversu hratt netið hefur tekið yfir tónlistargeirann. Árið 2014 skilaði sala geisladiska tónlistarframleiðendum enn meiri tekjum en streymi og niðurhal. Nú snýst allt um Spotify, Apple og félaga og tekjurnar þar orðnar 80% meiri.

Tekjur af streymi tónlistar jukust um 40% á heimsvísu í fyrra og hafa ríflega þrefaldast frá 2014. Þar er allur vöxturinn og áherslan í dreifingu tónlistar í dag. Snemma varð ljóst að arðsemi af streymi tónlistar yrði óásættanleg ef treysta ætti á auglýsingar og því hefur allt kapp verið lagt á að safna áskrifendum undanfarin misseri. Spotify er stærsti aðilinn á markaðinum, með um 75 milljónir áskrifenda, en 40 milljónir greiða Apple fyrir streymisþjónustu þeirra, sem sett var á fót árið 2015.

> **Tekjur af streymi tónlistar jukust um 40% á heimsvísu í fyrra.**

Þrátt fyrir að gríðarlegur vöxtur sé í streymi tónlistar þýðir það ekki endilega að listamennirnir fái meira í sinn vasa. Einhverjir aurar skila sér fyrir hverja spilun en sú upphæð er misjöfn milli dreifingaraðila. Þannig eru um 8% tónlistarstreymis á YouTube, sem greiðir innan við fimmtung af því sem tónlistarfólk fær frá Spotify. Tidal (í eigu Jay Z) greiðir hins vegar ríflega þrefalt betur en Spotify, en það munar eflaust lítið um það þar sem markaðshlutdeild Tidal er einungis um hálft prósent.

Samhliða vexti í streymi tónlistar og síauknu mikilvægi þess fyrir afkomu tónlistarfólks verður áhugavert að fylgjast með þróun greiðslna fyrir hvert streymi. Hvar mun jafnvægið liggja í áskriftartekjum og greiðslum til listamannanna?

# ERUÐ ÞIÐ TILBÚIN FYRIR

# ný persónu-verndarlög?

ÖRUGG EYÐING GAGNA BORGAR SIG!

**Er þitt fyrirtæki með viðkvæm gögn á pappír? Stafrænt gagnaöryggi er til einskis ef starfsmenn fleygja viðkvæmum gögnum í ruslakörfur og gáma. Nýja evrópska persónuverndarlöggjöfin tók gildi 25. maí sl.**

## Tilboð á Rexel® tæturum í júní

**20%** afsláttur




**Pappírstætari**
P3, bútaskurður Auto+ 60X.
**Vörunúmer** AC2103060

*Handfrjáls*
**39.990**
Verð áður 49.990

**20%** afsláttur




**Pappírstætari**
P4, bútaskurður Auto+ 130X.
**Vörunúmer** AC2102559EUA

*Handfrjáls*
**63.990**
Verð áður 79.990

**20%** afsláttur




**Pappírstætari**
P4, bútaskurður Auto+ 200X.
**Vörunúmer** AC2103175EU

*Handfrjáls*
**111.990**
Verð áður 139.990

Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 20. júní 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
frettabladid.is





# Þorsteinn ráðinn framkvæmdastjóri Allianz

Þorsteinn Egilsson, svæðisstjóri Icelandair fyrir Norður-Ameríku, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Allianz á Íslandi, samkvæmt heimildum Markaðarins. Tekur hann við starfinu af Eyjólfi Lárussyni en tilkynnt var fyrr á árinu að hann myndi láta af stjórn hjá félaginu á vormánuðum.



**Þorsteinn Egilsson**

Þorsteinn, sem er véla- og iðnverkfræðingur að mennt, hefur gegnt starfi svæðisstjóra Icelandair fyrir Norður-Ameríku frá árinu 2008 en þar áður var hann forstöðumaður leiðarkerfisstjórnunar flugfélagsins.

Allianz hóf starfsemi á Íslandi árið 1994 og býður upp á lífeyristryggingar auk líf- og sjúkdómatrygginga. Félagið er að fullu í eigu Hrings, dótturfélags Íslandsbanka, og á árinu 2016 nam hagnaður þess eftir skatta rúmlega 480 milljónum króna. Tekjur Allianz á Íslandi voru um 1.200 milljónir og voru nánast óbreyttar frá árinu 2015. **– hae**

**15.06.2018**



**„Nei, ég er ekki mjög vinsæll og væri að gera eitthvað annað ef ég hefði áhyggjur af því.**

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Atlaga að einkamiðlum

**Birst hafa** fréttir undanfarið af framgöngu RÚV á auglýsingamarkaði í aðdraganda HM í knattspyrnu. Fyrir liggja auglýsingabæklingar frá RÚV sem sýna að ríkismiðillinn hefur tengt auglýsingapakka sína vegna HM við aðra dagskrárliði og þannig þvingað auglýsendur til að auglýsa hjá sér fram á haustið eða lengur. Þetta hefur auðvitað þær afleiðingar að það fé sem auglýsendur hafa tekið frá til markaðsmála fer óskipt til RÚV og dreifist ekki yfir á aðra miðla. Forsvarsmenn smærri miðla bera sig illa undan málinu enda er ríkismiðillinn með hátterni sínu að ráðast gróflega gegn lífsviðurværi þeirra sem í hlut eiga. Fyrir liggur að sumarmánuðirnir verða flestum miðlum jafnvel þyngri en vanalega.

**Þetta hlýtur** að vera kornið sem fyllir mælinn hjá Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra sem hefur málefni RÚV á sinni könnu. Ágætar tillögur nefndar um fjölmiðlamál undir stjórn Björgvins Guðmundssonar sitja þrátt fyrir það enn læstar ofan í skúffu. Tilvist RÚV er ein og sér tilefni til bollalegginga. Flestir eru þó á því að stofnunin eigi sér tilverurétt, og er Stjórnarmaðurinn þar meðtalinn. Löngu er hins vegar tímabært að stofnunin dragi sig í hlé af auglýsingamarkaði. Ekki bara minnkar kakan sem einkamiðlarnir hafa úr að spila þar, heldur fær RÚV einnig hvata til að kaupa dagskrárefni sem hugnast auglýsendum í samkeppni við einkastöðvarnar. Það er ástæðan fyrir því að RÚV sýnir efni sem ekki á heima á ríkismiðlum, og veldur auðvitað verðbólgu í innkaupum á sjónvarpsefni. Einkamiðlarnir tapa því hvernig sem málinu er snúið.

**Opinberir aðilar** eins og Fjölmiðlanefnd og Samkeppniseftirlitið hafa margsinnis lýst því yfir að einkamiðlarnir eigi undir högg að sækja gagnvart RÚV. Fjölmiðlanefnd hefur meira að segja lagt til að hér verði tekið upp kerfi að norskri fyrirmynd þar sem einkamiðlar geta sótt framlög í ríkissjóð. Menntamálaráðherra hefur látið málaflokkinn algerlega afskiptan, þrátt fyrir fyrirheit um annað.

**Framferði RÚV** nú í sumar er atlaga að frjálsri fjölmiðlun í landinu. Stjórnvöld þurfa að gera það upp við sig hvort þau telji nauðsynlegt að hér starfi öflugir einkareknir fjölmiðlar. Sú ákvörðun þolir enga bið.









# Fleiri víti en færri rauð spjöld

**Fyrstu umferð riðlakeppninnar á HM í Rússlandi lauk í gær. Fréttablaðið tók saman nokkra tölfræðipunkta um fyrstu 16 leiki heimsmeistaramótsins 2018.**

**4** mörk voru skoruð beint úr aukaspyrnum í 1. umferð riðlakeppninnar. Þau voru aðeins þrjú á HM 2014.

**0** markalaus jafntefli voru í 1. umferð riðlakeppninnar, í fyrsta sinn síðan á HM 2002.



**4** af fimm liðum frá Suður-Ameríku mistókst að vinna fyrsta leik sinn á HM.

**1** rautt spjald fór á loft í 1. umferðinni. Það fékk Kólumbíumaðurinn Carlos Sánchez eftir aðeins þrjár mínútur í 2-1 tapi fyrir Japan. Í 1. umferð riðlakeppninnar 2014 voru rauðu spjöldin þrjú.

**2,38** mörk voru skoruð að meðaltali í leik í 1. umferð riðlakeppninnar.

**9** vítaspyrnur voru dæmdar í 1. umferðinni. Til samanburðar voru 13 víti dæmd á öllu heimsmeistaramótinu 2014.

**33,98** km hraða á klst. mældist Cristiano Ronaldo á í 3-3 jafntefli Portúgals og Spánar. Það er hraðasti sprettur á HM til þessa.

**4** sjálfsmörk voru skoruð í 1. umferðinni. Á HM 2014 voru þau aðeins fimm í heildina.

**9** skallamörk voru skoruð í 1. umferð riðlakeppninnar.


STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA
ÆFINGASTÖÐ SLF · REYKJADALUR

## Dregið hefur verið í sumarhappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra

### Vinningar komu á eftirtalin númer:

**Toyta Yaris Active Hybrid að verðmæti kr. 2.970.000 hvor bifreið**

5185 49495

**Ferðavinningur að upphæð kr. 600.000 hver vinningur**

5065 6535 20366 48317 58979

**Ferðavinningur að upphæð kr. 300.000 hver vinningur**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 63 | 13677 | 22976 | 34321 | 41849 | 52740 | 60650 | 72228 |
| 600 | 14258 | 24980 | 35968 | 41928 | 53042 | 60676 | 72435 |
| 1051 | 14348 | 26356 | 36349 | 43175 | 53386 | 60797 | 72506 |
| 2842 | 14729 | 26669 | 36600 | 43666 | 53580 | 61186 | 73809 |
| 3036 | 15928 | 29069 | 38310 | 43955 | 53847 | 61795 | 74228 |
| 3984 | 16230 | 29445 | 38328 | 45512 | 53978 | 62121 | 74874 |
| 4637 | 17170 | 29856 | 38542 | 46709 | 54505 | 63575 | 75440 |
| 5889 | 18044 | 30646 | 38928 | 47595 | 54842 | 63904 | 76148 |
| 6957 | 18307 | 30682 | 38968 | 47982 | 55181 | 63907 | 78440 |
| 8570 | 19180 | 31332 | 39123 | 48408 | 55362 | 63951 | 78546 |
| 8840 | 19298 | 32292 | 39194 | 48449 | 57325 | 64198 | 78769 |
| 9718 | 19615 | 32717 | 39587 | 49755 | 57553 | 66106 | 78951 |
| 10151 | 19920 | 32935 | 39838 | 50872 | 57999 | 68540 | 79083 |
| 11289 | 20857 | 32994 | 40624 | 50949 | 58499 | 70892 | |
| 12953 | 21001 | 33278 | 41242 | 52617 | 58686 | 71692 | |

**Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning og óskar vinningshöfum til hamingju.**

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu félagsins að Háaleitisbraut 13, Reykjavík, sími 535-0900.

Vinningaskrá er einnig birt á heimasíðu félagsins **www.slf.is**

Birt án ábyrgðar

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA



# Šumarverð ŠKODA

ŠKODA

ŠKODA Octavia G-Tec
Listaverð: 3.350.000 kr.
Afsláttur: -360.000 kr.
Sumarverð: **2.990.000 kr.**

ŠKODA Fabia
Listaverð: 2.230.000 kr.
Afsláttur: -240.000 kr.
Sumarverð: **1.990.000 kr.**



5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

Kíktu á **hekla.is/skodasumar** og sjáðu öll sumartilboðin!

**ŠKODA OCTAVIA OG FABIA Á SNILLDARLEGU SUMARTILBOÐI!**

Nú bjóðum við takmarkað magn valdra bíla frá ŠKODA á frábæru tilboðsverði. Stundum þarf maður ekki að hugsa sig tvisvar um – gríptu þetta einstaka tækifæri og náðu þér í nýjan ŠKODA á snilldarverði. Hlökkum til að sjá þig!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

**www.skoda.is**

## Merkisatburðir

**1923** Samþykkt voru lög um skemmtanaskatt, sem renna skyldi í sjóð til byggingar Þjóðleikhúss. Framkvæmdir hófust fimm árum síðar og var húsið loks vígt 1950.

**1936** Kristján 10. konungur Íslands og Danmerkur lagði hornstein að virkjunarhúsinu við Ljósafoss. Ljósafossvirkjun var tekin í notkun í október rúmu ári síðar.

**1937** Alþingiskosningar voru haldnar á Íslandi.

**1954** Ásmundur Guðmundsson var vígður biskup yfir Íslandi og gegndi hann þeirri stöðu í fimm ár.

**1969** Slippstöðin á Akureyri sjósetti strandferðaskipið Heklu, sem var stærsta skip sem smíðað hafði verið á Íslandi, 950 tonn.

**1970** Listahátíð í Reykjavík var sett í fyrsta sinn. Margir listamenn komu fram, meðal þeirra voru hljómsveitin Led Zeppelin og Daniel Barenboim.

**1973** Ezeiza-blóðbaðið: Hægrisinnaðir perónistar skutu á vinstrisinnaða perónista sem fögnuðu heimkomu Juans Perón úr útlegð á Spáni.

**1979** Bandaríski fréttamaðurinn Bill Stewart var myrtur ásamt túlki sínum af þjóðvarðliða í Níkaragva. Morðið náðist á mynd af tökuliði Stewarts.

**1980** Heimssöngvarinn Luciano Pavarotti söng í Laugardalshöll á vegum Listahátíðar í Reykjavík. Hlaut hann góðar viðtökur.

**1981** Friðarganga á vegum herstöðvaandstæðinga var gengin frá hliði herstöðvarinnar í Keflavík til Reykjavíkur.

**1982** Ellefu manna herlið Argentínu á Suður-Sandvíkur-eyjum gafst upp fyrir Bretum.

**1986** Ronny Landin var barinn til bana í Svíþjóð af fjórum mönnum sem áreittu innflytjendur. Meðal árásarmanna var Klas Lund sem síðar var formaður Norrænu mótstöðu-hreyfingarinnar.



Alþjóðadagur flóttamanna er í dag og af því tilefni býður Rauði krossinn í bíó. MYND/RAUÐI KROSSINN

# Alþjóðadagur flóttafólks haldinn hátíðlegur í dag

**Í dag, 20. júní, er Alþjóðadagur flóttafólks. Til að vekja athygli á stöðu flóttamanna býður Rauði krossinn á Íslandi upp á ókeypis kvikmyndasýningu í Bíói Paradís. Einnig verður boðið upp á arabískan mat, tónlist og ljósmyndasýningin Bið verður sett upp.**

Þetta er dagur sem ætlað er að vekja athygli á stöðu flóttafólks í heiminum. Við hjá Rauða krossinum, vegna þess að við erum mikið að velta stöðu flóttafólks fyrir okkur og aðstoða það og annað, höfum ákveðið að sýna tvær myndir um flóttafólk í tilefni dagsins,“ segir Brynhildur Bolladóttir, upplýsingafulltrúi Rauða krossins á Íslandi. Myndirnar verða sýndar í Bíói Paradís, það er ókeypis inn á sýningarnar og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Rauði krossinn býður upp á þessar sýningar í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR).

Myndirnar sem sýndar verða eru annars vegar Sea of Sorrow Sea of Hope og hins vegar Je n’aime plus la mer.

„Sea of Sorrow Sea of Hope fjallar um konu sem er flóttamaður og hennar sögu, hvernig hún verður viðskila við börnin sín. Hin er sögð út frá sjónarhóli barna sem eru á flótta. Þau eru frá ýmsum löndum og eru komin til Belgíu – þar er fjallað um hvernig þau ná að fóta sig þar sem þau eru allt í einu komin í nýtt land eftir að hafa þurft að flýja stríð. Þetta er gríðarlega áríðandi umfjöllunarefni vegna þess að það hafa aldrei verið fleiri á flótta í heiminum.

En þó að þetta sé alvarlegt umfjöllunarefni verður líka boðið upp á arabískan mat, það verða hljóðfæraleikarar hér úr röðum flóttafólks á Íslandi þannig að það verður létt stemming líka.“

Einnig verður hægt að skoða ljósmyndasýninguna Bið/The Wait sem verður sett upp í anddyri bíósins og taka þátt í umræðum um myndirnar eftir sýningu. Myndirnar verða sýndar með enskum texta og hefjast leikar klukkan hálf átta í kvöld. **stefanthor@frettabladid.is**




**Það verður ýmislegt um að vera í Bíói Paradís í tilefni dagsins.**

> **Þetta er gríðarlega áríðandi umfjöllunarefni vegna þess að það hafa aldrei verið fleiri á flótta í heiminum.**

---



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Unnur Baldvinsdóttir**
meinatæknir,

lést í faðmi fjölskyldunnar 11. júní.
Útförin fer fram frá Selfosskirkju
föstudaginn 22. júní kl. 11.30.

**Sigríður Birna Guðjónsdóttir** **Björn Þórarinsson**
**Guðborg Auður Guðjónsdóttir** **Hermann Kristjánsson**
**Unnur Birna Björnsdóttir**
**Dagný Halla Björnsdóttir**
**Auður Brá Hermannsdóttir**
**Annalísa Hermannsdóttir**

---



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Jóna Kristbjörg Jónsdóttir**

dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund,
lést laugardaginn 9. júní. Útförin fór
fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Guðrún Magnúsdóttir**
**Guðjón Magnússon**
**Stefán Magnússon**
**Sólveig Magnúsdóttir**

---



Faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Sigurður Þorsteinsson**
fyrrverandi bóndi á Skúfsstöðum,
síðar skógarbóndi á Melum, Hjaltadal,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands
Sauðárkróki þann 9. júní síðastliðinn.
Útför hans fer fram frá Hóladómkirkju 21. júní
næstkomandi klukkan 13.30.

**Hólmfríður G. Sigurðard.** **Gunnar Þór Garðarsson**
**Reynir Þór Sigurðsson**
**Una Þórey Sigurðardóttir** **Rafn Elíasson**
**Njáll Haukur Sigurðsson** **Arnfríður Agnarsdóttir**
**Inga Sigurðardóttir** **Stefán Ægir Lárusson**
**Halla Sigrún Sigurðardóttir** **Birkir Marteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sigurbjörg Guðjónsdóttir**
fædd 2. maí 1930,
Sæviðarsundi 88,
Reykjavík,

lést í faðmi ástvina sinna 3. júní
síðastliðinn. Jarðarför hefur farið fram í kyrrþey
samkvæmt ósk hinnar látnu.

**Fríða Steinarsdóttir** **Sigurbjörn Bárðarson**
**Agnes Steinarsdóttir** **Sigurður Ólafsson**
**Snjólaug Steinarsdóttir**
**Guðjón Steinarsson** **Anna María Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Lárus Ögmundsson**
lögfræðingur,
Kjalarlandi 3, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn
5. júní. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju
fimmtudaginn 21. júní klukkan 13. Þeim sem vilja minnast
hans er bent á Heimahlynningu LSH eða Ljósið.

**Hildigunnur Sigurðardóttir**
**Lilja Karítas Lárusdóttir** **Ólafur Már Sigurðsson**
**Dóra María Lárusdóttir**
**Sigurður Egill Lárusson** **Birta Elíasdóttir**
**og barnabörn.**

# VERJUM VERÐIÐ!




## DAUÐAFÆRI Á RISASKJÁM
## GERIST EKKI BETRA

## UNITED

**United LED65X18 / LED75X18**
X18 sjónvarpið frá United er flott tæki fyrir þá sem vilja stóran skjá á viðráðanlegu verði. X18 er nýjasta kynslóð sjónvarpstækja með 4K UHD 3840x2160 punkta upplausn og 3D Comb Filter ásamt 16W Virtual Surround hljóðkerfi. Með alla helstu tengimöguleika svo auðvelt er að tengja við heimabíó, leikjatölvur og fleira. Tryggðu þér eintak strax í dag.

United sjónvörp hafa verið seld í tugþúsundavís á Íslandi í yfir 20 ár. Aðalsmerki United er hagkvæm, einföld og endingargóð tæki á góðu verði.

United LED65X18
**TILBOÐ**
**79.995**
FULLT VERÐ 99.995

United LED75X18
**TILBOÐ**
**169.995**
FULLT VERÐ 199.995




**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Norðvestan gola eða kaldi í dag, miðvikudag. Þurrt veður og sólríkt, en skýjað austast fram eftir degi. Hiti 9 til 16 stig, hlýjast á Suðurlandi.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 8° | 14° |
| ↖ 11 | ↑ 12 | ↗ 7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 14° | 12° | 7° |
| ↗ 4 | ↗ 8 | ↑ 13 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 7° | 14° |
| ↗ 5 | ↗ 11 | ↗ 10 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 14° | 10° | 6° |
| ↓ 2 | ↗ 6 | ↑ 10 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | 6 | 4 | 8 | |
| | 4 | | | 1 | 3 | 5 | | 6 |
| | | | | | 7 | 1 | 2 | |
| 4 | 1 | | | 8 | | 9 | | 5 |
| | | 3 | 5 | | | | | |
| 8 | 9 | | 6 | | 1 | | | |
| | 3 | 8 | 1 | | | | 6 | |
| 9 | 2 | | | | | | | |
| | | | | 3 | 8 | 2 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | | | | 6 | |
| | | 9 | 2 | 1 | | | | |
| 1 | | 8 | 3 | | 6 | | 5 | 9 |
| 6 | 5 | | | 7 | | | 8 | |
| | | | 9 | | 3 | 4 | | |
| | | 3 | 1 | | | | | |
| | 7 | | | | | | | 2 |
| 2 | | 4 | | | | | 9 | |
| | | 5 | | | 4 | 1 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |
| | 5 | 6 | | 9 | | | | 1 |
| | | 1 | | | 4 | | | 7 |
| | | | | 1 | | 7 | 3 | 2 |
| | | 4 | 2 | | | 8 | | |
| | 6 | 3 | | 5 | | | 1 | |
| | | | | | | | 7 | |
| | 1 | | 6 | 8 | | | | |
| | | 2 | | 4 | | 3 | 6 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. flandur
5. aldur
6. tveir eins
8. tré
10. skóli
11. hætta
12. gan
13. temur
15. hlotnast
17. sjónop

**LÓÐRÉTT**
1. skerfur
2. dropa
3. mjaka
4. ungkýr
7. ónýtt
9. söngrödd
12. vökvi
14. hlaup
16. vörumerki

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. flakk, 5. rek, 6. vv, 8. akasía, 10. ma, 11. ógn, 12. span, 13. agar, 15. gefast, 17. linsa.
**LÓÐRÉTT:** 1. framlag, 2. leka, 3. aka, 4. kvíga, 7. vannýta, 9. sópran, 12. safi, 14. gel, 16. ss.

## Skák Gunnar Björnsson

Þröstur Þórhallsson (2.416) átti leik gegn Aroni Þór Mai (2.033) sem gaf Þresti gott tækifæri, þegar hann lék af sér með 54. ... h4?, á Íslandsmótinu í skák.

**Hvítur á leik**

**46. Re3!** Þröstur missir sjaldan af góðum riddaraleikjum.
**46. ... Kf8** (46....hxg3 47 Rf5+).
**47. Bxf4 gxf4 48. Rxg4 Bxd4**
**49. c7! Dxc7 50. Dxd4** og hvítur vann skömmu síðar.

**www.skak.is:** Nansý nýliði á Ólympíuskákmóti



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 7 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 2 | 3 | 6 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 3 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 |
| 4 | 6 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 5 | 3 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 7 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 | 3 | 9 |
| 5 | 3 | 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 4 | 8 | 2 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 4 | 1 | 5 | 9 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.







## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Shailene Woodley stendur í ströngu í Adrift og vex við hverja raun sem er eins gott vegna þess að myndin hvílir á henni.

# Þrautgóð á raunastund

KVIKMYNDIR

**Adrift**

★★★☆☆

**Leikstjórn:** Baltasar Kormákur
**Aðalhlutverk:** Shailene Woodley, Sam Claflin

Baltasar Kormákur er snjall kvikmyndaleikstjóri og mikill fagmaður enda engin tilviljun að hann hefur náð langlengst allra íslenskra leikstjóra úti í hinum stóra kvikmyndaheimi sem hverfist um Hollywood.

Hann er heldur ekki óvanur því að segja miklar og áhrifaríkar sögur um sigur mannsandans í baráttunni við miskunnarlaus náttúruöflin. Þannig var þetta í þrekvirkinu Djúpið og aftur leggur Baltasar á sjóinn í Adrift.

Eins og Djúpið er Adrift byggð á raunverulegum atburðum og segir frá því hvernig magnaður hvirfilbylur breytir rómantískri sjóferð ungs kærustupars, Tamiar og Richards, á augabragði í hið mesta feigðarflan.

Þau hafast við á flaki seglskútu, langt utan allra siglingaleiða. Hann stórslasaður og vatn og matur af skornum skammti. Vonin um að ná landi lifandi er lítil sem engin og dofnar með hverjum deginum en Tamiar er ekki fisjað saman og hún eflist við hverja raun.

Shailene Woodley ber myndina uppi í hlutverki Tamiar enda er hún nánast alltaf í mynd og skilar angist, djörfung og dug konunnar ungu prýðilega.

Baltasar sýnir sjálfur margar sínar bestu hliðar og rís hæst þegar hörmungarnar skella á. Þá er myndin eins og við var að búast ákaflega áferðarfögur og oft býsna áhrifarík. Slípaður smíðisgripur.

Það er hins vegar hægara sagt en gert að halda fullum dampi þegar aðeins tvær persónur velkjast um á endalausum haffletinum. Baltasar fer þá leið að brjóta upp hamfarasöguna með endurlitum þannig að við kynnumst parinu í raun jafnóðum og við áttum okkur á því með þeim að þau eiga sér enga von.

Óvitlaust til þess að brjóta upp fásinnið en dregur nokkuð úr þjáningunni og lífsháskanum. Einhvern veginn hefur maður á tilfinningunni að maður hefði getað tengst Tamiar betur í línulaga frásögn þótt óslitin píslarsigling hefði getað reynt ansi mikið á þolrifin.

Þótt hvergi vanti að öðru leyti upp á fagmennskuna og natnina og Baltasar hnýti á þetta allt saman nokkuð laglegt pelastikk í lokin vantar herslumuninn upp á að sagan sjálf nái traustataki á manni.

**Þórarinn Þórarinsson**

**NIÐURSTAÐA:** Áferðarfögur mynd um hvers mannsandinn er megnugur við vonlausar aðstæður. Sagan nær þó aldrei fullum skriði þótt Baltasar sýni annars ítrekað hvers hann er megnugur og skili góðu dagsverki.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

### 20. JÚNÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju – Schola cantorum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Hinn margrómaði kammerkór Hallgrímskirkju, Schola cantorum, syngur á fyrstu kórtónleikum orgelsumarsins undir stjórn Harðar Áskelssonar miðvikudaginn 20. júní kl. 12. Þar má heyra kórperlur eftir Jón Nordal, Sigvalda Kaldalóns, Byrd, Mendelssohn, Sigurð Sævarsson, Bruckner og Händel í bland við íslensk þjóðlög. Tónleikagestum er boðið upp á kaffi og sætan mola í suðursalnum að tónleikunum loknum þar sem tækifæri gefst til að spjalla við söngvarana og kynnast starfi kórsins. Miðaverð 2.500 kr.

**Hvað?** Amiina (IS) – Tónleikaröð Norræna hússins
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Norræna húsið
Hljómsveitin amiina hóf feril sinn sem strengjakvartett sem fór meðal annars í tónleikaferðalög um heiminn með Sigur Rós. Síðan þá hefur amiina haldið áfram að vaxa og þróast. Nýir meðlimir og tilraunir með ný hljóðfæri hafa komið hljómsveitinni á nýjan stað. Hljóðheiminum hefur verið líkt við Arvo Pärt fyrir klukkuspil, en fyrir utan tenginguna við mínímalíska nútímatónlist heyrast líka spor af þjóðlagatónlist og útkoman er oft dáleiðandi. Það er unun að láta sig umlykjast af áhugaverðum tónum hljómsveitarinnar.

**Hvað?** R6013: Rythmatik, Snowed In, K.óla
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Ingólfsstræti 20
Opið öllum aldurshópum endurgjaldslaust en frjáls framlög eru vel þegin. Dýraafurðalaus matur í boði.

**Hvað?** Hljómsveitin Welten á Múlanum + Óskar Guðjónsson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Sumardagskrá Múlans heldur áfram og verða næstu tónleikar með hljómsveitinni WELTEN, hljómsveit ungra tónlistarmanna frá Þýskalandi. Tónlist þeirra, sem er hlý, lágstemmd og stundum brothætt, mætti kalla einhvers konar „indie jazz“. Hljómsveitin hefur gefið út tvær plötur. Sérstakur gestur á tónleikum verður saxófónleikarinn Óskar Guðjónsson.

### Viðburðir

**Hvað?** Endur hugsa sinn gang
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gerðarsafn, Kópavogi
Endur hugsa bjóða í samtal um umhverfismál og sjálfið næsta miðvikudag á Gerðarsafni og í Geislahvelfingunni. Viðburðurinn hefst formlega klukkan átta.

**Hvað?** Íslenska flóran – fróðleiksganga með Guðríði Helgadóttur
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Skálholt
Við fáum til okkar Guðríði Helgadóttur garðyrkjufræðing sem ætlar að ganga um nágrenni Skálholtsstaðar og fræða okkur um ýmsar tegundir plantna, ekki síst þær sem tilheyra íslensku flórunni.

### Sýningar

**Hvað?** Opnun hljóðgallerís Walk 'n' Bike-In eftir Tulle Ruth (NO)
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið
Walk 'n' Bike-In er nýjasta útgáfa listakonunnar á verkefninu Drive-In Sound Art, sem var fyrst sett upp árið 2013 í Råde á Austfold í Noregi, þar sem er mikil bílaumferð á sumrin. Í fyrstu var verkefnið sett upp á stoppistöðvum við fjölfarnar götur en listakonunni Tulle Ruth þurfti ökumaðurinn undrunar nenntu bílstjórar ekki að stöðva bílinn og fara út úr honum til að njóta tónverkanna. Þannig þróaðist hugmyndin að fyrstu Drive-In hljóðlistasýningunni í vegkantinum. Við vegkantinn þurfti ökumaðurinn aðeins að keyra meðfram skúlptúrnum, opna gluggann, hlusta og njóta.




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Lína Langsokkur
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Grand Designs
**11.05** Spurningabomban
**11.50** The Good Doctor
**12.35** Nágrannar
**13.00** Project Runway
**13.50** The Night Shift
**14.35** The Path
**15.30** Heilsugengið
**15.55** 10 Puppies and Us
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Sportpakkinn
**19.05** Fréttayfirlit og veður
**19.10** Modern Family
**19.35** Arrested Developement
**20.00** Arrested Developement
**20.30** The Bold Type Önnur þáttaröð þessara frábæru þátta sem fjalla um þrjár glæsilegar framakonur og líf þeirra og störf á alþjóðlegu tísku- og lífsstílstímariti. Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í hringiðju tískunnar í New York því auk þess að sinna starfi sínu vel og lifa öfundsverðu lífi lenda vinkonurnar í ýmiss konar aðstæðum sem reyna á. Þættirnir eru lauslega byggðir á lífi ritstýrunnar Joanna Coles hjá Cosmopolitan.
**21.15** The Detail
**22.00** Nashville
**22.45** High Maintenance Önnur þáttaröð þessara gamanþátta sem fjalla um gaur sem hefur lífsviðurværi sitt af því að selja kannabis til ólíkra einstaklinga sem allir eiga það sameiginlegt að vera taugarveiklaðir en þó mismikið. Samband gaursins og kúnnanna ristir þó dýpra en hefðbundið viðskiptasamband því þeirra á milli hefur myndast vinskapur sem hentar báðum aðilum.
**23.15** Deception
**00.45** Lethal Weapon
**00.05** NCIS
**01.30** Barry
**02.05** Taboo
**03.00** Taboo
**04.00** Skiptrace
**05.45** 10 Puppies and Us

## STÖÐ 2 SPORT

**08.00** Sumarmessan 2018
**08.40** Stjarnan – ÍBV
**10.20** Pepsímörkin 2018
**11.45** Cleveland Cavaliers - Golden State Warriors
**13.50** OpenCourt - Basketball 101
**14.40** Sumarmessan 2018
**15.20** Ísland - Slóvenía
**17.05** Goðsagnir - Ólafur Þórðarson
**17.55** Goals of the Season 2017/2018
**18.50** Sumarmessan 2018
**19.30** Valur - FH
**22.40** Sumarmessan 2018
**23.20** Stjarnan - ÍBV

## STÖÐ 2 SPORT 2

Engin dagskrá

## STÖÐ 3

**19.10** Man Seeking Woman
**19.35** Last Man On Earth
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Two and a Half Men
**21.15** The Newsroom
**22.15** The Hundred
**23.00** Supergirl
**23.45** The Detour
**00.35** Seinfeld
**01.00** Friends
**01.25** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Strumparnir
**08.25** Ævintýraferðin
**08.37** Gulla og grænjaxlarnir
**08.48** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Stóri og Litli
**09.13** Grettir
**09.27** K3
**09.38** Mæja býfluga
**09.50** Tindur
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.25** Ævintýraferðin
**12.37** Gulla og grænjaxlarnir
**12.48** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Stóri og Litli
**13.13** Grettir
**13.27** K3
**13.38** Mæja býfluga
**13.50** Tindur
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Strumparnir
**16.25** Ævintýraferðin
**16.37** Gulla og grænjaxlarnir
**16.48** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Stóri og Litli
**17.13** Grettir
**17.27** K3
**17.38** Mæja býfluga
**17.50** Tindur
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Angry Birds

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 10.24, 14.24 og 18.24**



## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Meijer LPGA Classic
**11.05** Golfing World 2018
**11.55** Meijer LPGA Classic
**15.10** US Open 2018
**22.10** Golfing World 2018
**23.00** US Open 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.40** Hail, Caesar!
**12.25** Mr. Turner
**14.55** Murder, She Baked: A Chocolate Chip Cookie Mystery
**16.20** Hail, Caesar!
**18.05** Mr. Turner Vönduð mynd frá 2014 byggð á sönnum atburðum. Eftir dauða föður síns verður landslagsmálarinn J.M.W. Turner kaldlyndur í garð elskandi húsfreyju sinnar og stofnar til sambands við konu við sjávarsíðuna og býr með henni á laun.
**20.35** Murder, She Baked: A Chocolate Chip Cookie Mystery
**22.00** King Arthur: Legend of the Sword Ævintýraleg spennumynd frá 2017 með Jude Law og Charlie Hunnam um hinn unga Arthur sem er á hlaupum eftir götum Lundúnaborgar ásamt félögum sínum, óafvitandi um konunglega stöðu sína, þar til að hann nær sverðinu Excalibur, og verður heltekinn af mætti þess.
**00.05** Bleeding Heart
**01.35** Ninja: Shadow of a Tear
**03.10** King Arthur: Legend of the Sword

## RÚV

**11.30** HM stofan
**11.50** Portúgal - Marokkó
**13.50** HM stofan
**14.15** HM hetjur - Diego Maradona
**14.25** HM stofan
**14.50** Úrúgvæ - Saudi-Arabía
**16.50** HM stofan
**17.15** Táknmálsfréttir
**17.25** HM stofan
**17.50** Íran - Spánn
**19.50** HM stofan
**20.25** Veður
**20.30** Fréttir
**20.55** Íþróttir
**21.00** Víkinglottó
**21.10** Neyðarvaktin
**21.50** Með eigin orðum: Jim Henson
**22.50** Myrkraengill
**23.35** Stúlkurnar í hljómsveitinni
**00.35** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.43** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.30** The Late Late Show with James Corden
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.24** King of Queens
**12.46** How I Met Your Mother
**13.08** Dr. Phil
**13.54** The Good Place
**14.19** Million Dollar Listing
**15.09** American Housewife
**15.33** Kevin (Probably) Saves the World
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.08** How I Met Your Mother
**17.31** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** Odd Mom Out
**20.10** Royal Pains
**21.00** Star
**21.50** The Orville
**22.35** Scream Queens
**23.25** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.45** CSI Miami
**01.30** Fargo
**02.15** The Resident
**03.05** Quantico
**03.50** Incorporated
**04.35** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |





2 THE BOLD TYPE
KL. 20:30
Önnur sería þessara frábæru þátta um þrjár glæsilegar framakonur og líf þeirra og störf á alþjóðlegu tísku- og lífsstílstímariti . Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í hringiðu tískunnar í New York og það þekkja vinkonurnar.

**Frábær miðvikudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**




2 ARRESTED DEVELOPEMENT
KL. 19:30
Skemmtiegir þættir um hina stórskrýtnu en dásamlega fyndnu Bluth-fjölskyldu. Þau eru söm við sig þegar kemur að óvæntum uppákomum og vandræðalegum augnablikum.




2 THE DETAIL
KL. 21:15
Dramatískir sakamálaþættir um þrjár ólíkar lögreglukonur sem eiga það sameiginlegt að leysa erfið glæpamál í vinnunni en þurfa líka að vera hörkutól á öðrum vígstöðvum.




2 NASHVILLE
KL. 22:00
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



2 BÍÓ KING ARTHUR: LEGEND OF THE SWORD
KL. 22:00
Ævintýraleg spennumynd um hinn unga Arthur sem er á hlaupum eftir götum Lundúnaborgar ásamt félögum sínum, óafvitandi um konunglega stöðu sína.



3 THE NEWSROOM
KL. 21:15
Magnaðir og dramatískir þættir sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í hlutverki fréttaþular stöðvarinnar.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**
**stod2.is**

blómaval

# SUMARBLÓMA

# ÚTSALA

## 20-50% afsláttur

Sumarblóm **20 - 50% afsláttur**

Tré og runnar **30 - 50% afsláttur** • Fjölærar plöntur **30% afsláttur**

Garðrósir **50% afsláttur** • Matjurtir **50% afsláttur**

Garðstyttur **40% afsláttur** • Útipottar **30% afsláttur**






-37%

**Sólboði**
í 12 cm potti

**990kr**

~~1.590kr~~



-44%

**Margarita**

**990kr**

~~1.790kr~~



-44%

**Brúðarauga Lobelia**
í 15 cm potti

**990kr**

~~1.790kr~~



-57%

**Stjúpu**
10 stk.

**799kr**

~~1.890kr~~




**Jongkind mold 20% afsláttur**

Mold 45 ltr 799kr / ~~999kr~~

Mold 55 ltr 1590kr / ~~1990kr~~

Mold 10 ltr 479kr / ~~599kr~~

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn rætast

Gerðu gott mót betra með DORMA
ÁFRAM ÍSLAND
Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði



HM-LEIKUR DORMA
Allir sem kaupa stillanlegt rúm í Dorma meðan á HM í Rússlandi stendur* lenda í potti og geta unnið 65" UHD snjallsjónvarp frá Samsung að verðmæti 199.995 kr. Dregið verður 12. júlí og vinningshafinn getur horft á úrslitin í nýju sjónvarpi.



*Leikurinn stendur fram yfir undanúrslit.

Komdu og veldu þér þitt draumasæti



TILBOÐ 25% AFSLÁTTUR

AVIGNION
hægindastóll
Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli.
Leður á slitflötum eða grátt áklæði
Fullt verð í áklæði : 109.900 kr. Fullt verð í leðri : 129.900 kr.
Aðeins 82.425 kr. Aðeins 97.425 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast



FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttablaðið með þér í sumar.
Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:
Kringlan SMÁRALIND FJÖRÐUR bóksala stúdenta Háma BÓNUS KJÖRBÚÐIN Krambúð nettó N1 olís



# Ferrell gerir grínmynd um Eurovision

Bandaríski grínistinn Will Ferrell er að gera kvikmynd um Eurovision. Andrew Steele, handritshöfundur SNL, gerir handritið með Ferrell sem kíkti til Lissabon á keppnina í ár.

Það kom mörgum í opna skjöldu þegar Will Ferrell birtist skyndilega í Lissabon að kíkja á Eurovision-keppnina. Flestir héldu að hann væri aðdáandi enda er konan hans frá Svíþjóð, þar sem Eurovision-áhuginn er gríðarlegur. Hann sagði reyndar í samtali við fjölmiðla að hann hefði fylgst með keppninni síðan 1999, þegar Selma Björns varð í öðru sæti.

Hitti Ferrell meðan annars íslenska hópinn og blandaði geði við hann og spjallaði meðal annars við Ara Ólafsson söngvara, sem söng framlag Íslands í keppninni.

Davíð Lúther Sigurðarson, fjölmiðlafulltrúi hópsins, sagði á sínum tíma að kappinn hefði verið kumpánlegur við aðdáendur og leyft þeim sem vildu að fá myndir af sér með honum. Enginn vissi þó nákvæmlega hvað í ósköpunum hann var að gera þarna. Nokkrar sögur voru þó á kreiki um veru hans á svæðinu.

Hann hefur fengið leyfi til að gera myndina frá helstu forkólfum Eurovision og mun leika aðalhlutverkið í myndinni sem ber vinnuheitið Eurovision.

Rúmlega 186 milljónir horfðu á lokakeppnina í ár en mörg stórkostleg atriði hafa glatt Evrópubúa í gegnum tíðina. Það ætti því að vera frekar auðvelt fyrir Ferrell og félaga að gera grínmynd um keppnina.

**benediktboas @frettabladid.is**






FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM
SHREK
Draumur
CHARMING
KOMIN Í BÍÓ
Trópí
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ LAUGARÁS BÍÓ BORGARBÍÓ
BARA LÚXUS
sena

# Gera heimildarmynd um ævintýri strákanna okkar á HM í Rússlandi

Knattspyrnusamband Íslands, í samstarfi við Octoberfilms, vinnur að gerð heimildarmyndar um ævintýraför íslenska landsliðsins í knattspyrnu. Sex til átta manns fylgja liðinu eftir og eru á öllum æfingum í Kabardinka. Íslenska liðið flýgur til Volgograd í dag og fá strákarnir okkar að hitta sína nánustu til að hlaða batteríin.



Landsliðið vekur gríðarlega athygli um allan heim og er mikil vöntun á efni frá liðinu. Það verður bætt úr því eftir HM þegar heimildarmyndin kemur út. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Knattspyrnusamband Íslands fékk fjölda tilboða frá kvikmyndagerðarfólki sem vildi gera heimildarmynd um Rússlandsför íslenska landsliðsins. Eftir smá umhugsun var tilboði tekið frá breska kvikmyndafyrirtækinu Octoberfilms og eru sex til átta manns frá sjónvarpsveitunni á öllum æfingum liðsins í Kabardinka þar sem liðið hefur aðsetur. Tekur hópurinn upp hvert fótspor íslenska landsliðsins og fær mjög góðan aðgang að liðinu á eftir.

Kvikmyndafyrirtækið kíkti einnig í heimsókn þegar íslenska liðið var í Bandaríkjunum þar sem það lék tvo vináttuleiki við Perú og Mexíkó í undirbúningi liðsins fyrir heimsmeistaramótið. Þá hafa þeir einnig heimsótt leikmenn á heimilum þeirra víða um Evrópu.

Þórður Jónsson, sem gerði meðal annars heimildarkvikmyndina Garn, er tengiliður við fyrirtækið og segir að engin dagsetning sé komin á hvenær myndin verði frumsýnd. „Það er ekkert leyndarmál að við erum að gera þessa mynd en ég get lítið sagt annað.

Octoberfilms er breskt framleiðslufyrirtæki sem hefur unnið til fjölmargra verðlauna fyrir myndir sínar og þetta er stórt batterí sem er í gangi. Hún verður frumsýnd eitthvað eftir HM.“ Það má búast við að milljónir manna muni njóta myndarinnar þegar hún kemur út. „Þetta er eitt dæmi um hvað landsliðið er að fá mikla athygli,“ segir Þórður.

Sölvi Tryggvason og Sævar Guðmundsson gerðu heimildarmynd um undankeppnina fyrir Evrópumeistaramótið en engin mynd var gerð um keppnina sjálfa. Kvikmyndin Jökullinn logar var einmitt sýnd í borgunum þremur sem landsliðið mun leika í, Moskvu, Volgograd og Rostov við Don. Alls staðar var fullt á sýningum myndarinnar og henni afar vel tekið. Myndin hefur farið víða og verið sýnd á 20 kvikmyndahátíðum í Evrópu, Bandaríkjunum, Mið- og Suður-Ameríku og hafa milljónir manna nú séð hana.

Áhuginn á landsliðinu er gríðarlegur og sagði Ómar Smárason, fjölmiðlafulltrúi KSÍ, að hann hefði fengið um 200 tölvupósta um viðtalsbeiðnir á dag í aðdraganda mótsins. Þá voru um eitt þúsund blaðamenn frá öllum heimshornum að störfum á leik Argentínu og Íslands. Búist er við að enn fjölgi í þeim hópi eftir jafnteflið – sem var í raun sigur.

benediktboas@frettabladid.is



Tökulið frá Octoberfilms tekur upp efni á æfingu íslands á HM í Rússlandi. Heimir Hallgrímsson fylgist íbygginn með æfingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fá að hitta sína nánustu

Íslenska landsliðið fær að hitta sína nánustu þegar liðið ferðast til Volgograd í dag. Hingað til hafa landsliðsmennirnir verið einangraðir í Kabardinka. Leikmenn munu fá frítíma þar sem þeir mega gera það sem þeir vilja og ætla flestir að nýta sér þann tíma til að hitta fjölskyldu og vini.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

NIELSEN



GLANSANDI HREINN BÍLL!

Þegar þú vilt þvo bílinn að utan, bóna, pússa rúður, þrífa mælaborðið eða innréttinguna, jafnvel fríska upp á litinn á hjólbörðunum.

Fæst í Olís um allt land.

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | rekstrarland.is

olís

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

NÓA




# NÚ HAFA ALLIR HNÖPPUM AÐ HNEPPA Í SUMAR

Loks eru Nóa hnapparnir fáanlegir í pokum.
Nældu þér í ljúffenga perluhnappa og lakkríshnappa í næstu verslun.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR
Davíðs Þorlákssonar



## Rekstur í Reykjavík

Framtíðin er loðin og teygjanleg í Reykjavík ef marka má sáttmála meirihlutans í borgarstjórn. Þar er fjallað almennt um hlutina en innan um eru skýrar tillögur og tíma- eða tölusettar áætlanir. Það á sérstaklega við um atvinnumálin. Reykjavík er stærsta útgerðar-, iðnaðar-, ferðaþjónustu-, verslunar- og þjónustupláss landsins. Því miður virðist ekki vera forgangsatriði að hlúa betur að hlutverki borgarinnar hvað þetta varðar. Það vill stundum gleymast að sveitarfélög taka til sín og ráðstafa fimmtungi opinberra tekna og 14% opinberra skulda hvíla á sveitarfélögunum. Það er ekki bara ríkið sem hefur áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja, heldur gera sveitarfélögin það líka.

Fasteignamat hefur hækkað talsvert síðustu ár í takt við hækkandi fasteignaverð og vegna breyttra matsaðferða hjá Þjóðskrá. Þá hefur verið talsverð uppbygging, einkum í húsnæði undir gistingu. Greiða þarf níu sinnum hærra fasteignagjald af atvinnuhúsnæði en íbúðarhúsnæði. Allt þetta hefur leitt til þess að tekjur borgarinnar af fasteignagjöldum hækkuðu um 28% frá 2014 til 2017 á sama tíma og verðlag hækkaði um 5%. Í sáttmálanum er lofað að fasteignagjöld lækki um 0,05 prósentur á atvinnuhúsnæði fyrir lok kjörtímabilsins. Það er auðvitað engin skattalækkun, heldur bara aðeins minni skattahækkun en ella.

Síðustu ár hafa einkennst af samfelldum hagvexti og uppgangi. Það er góðæri. Atvinnuleysi í Reykjavík í apríl var aðeins 2,39%. Við getum ekki treyst á að þetta verði alltaf svona. Reykjavíkurborg verður að hlúa betur að fyrirtækjunum í borginni. Fyrsta skrefið væri að lækka fasteignagjöld raunverulega á atvinnuhúsnæði.


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

Jói Fel
BAKARÍ




VEISLUÞJÓNUSTA
*Sjá úrval veislubakka á www.joifel.is*




*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Tilboðið á aðeins við ef bókað er flug fram og til baka.

WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS